

ÁRSSKÝRSLA SKÓLAÁRIÐ 2019-2020



JÚNÍ 2020

ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI SKÓLAÁRIÐ 2019-2020
JÚNÍ 2020

ÚTGEFANDI: GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

GUNNLAUGSGATA 13

310 BORGARNES

SÍMI 433 7400

NETFANG: SKOLI@GRUNNBORG.IS

VEFFANG www.grunnborg.is

Efnisyfirlit

1.	FORMÁLI	7
2.	INNGANGUR	8
3.	HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	9
3.1	SKÓLASTJÓRNENDUR	9
3.2	SKÓLARÁÐ	9
3.3	FORELDRAFÉLAG	9
3.4	NEMENDARÁÐ	10
3.5	NEMENDAVERNDARRÁÐ.....	10
3.6	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	10
3.7	ÁFALLARÁÐ	10
3.8	EINELTISTEYMI	11
3.9	ÖRYGGISNEFND	11
3.10	NEMENDAFJÖLDI	11
3.11	STARFSMENN	12
3.12	SKÓLALÓÐ	15
3.13	SKÓLAAKSTUR	15
3.14	ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI.....	15
3.15	SKIPULAG KENNSLU	16
3.16	VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA	17
4.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1.BEKKJAR	19
4.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	19
4.2	NÁMSMAT	20
4.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	20
5	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2.BEKKJAR	21
5.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	21
5.2	NÁMSMAT	22
5.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	22
6.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3.BEKKJAR	23
6.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	24
6.2	NÁMSMAT	24
6.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	25
7.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4.BEKKJAR	26
7.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	27
7.2	NÁMSMAT	27
7.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	28
8.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5.BEKKJAR	28
8.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	29
8.2	SÉRSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU	30
8.3	NÁMSMAT	30

8.4	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	30
9.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6.BEKKJAR.....	31
9.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	32
9.2	SÉRSTÆÐAR ÁSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU	32
9.3	NÁMSMAT	32
9.4	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	33
10.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR.....	33
10.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	34
10.2	NÁMSMAT	34
10.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	34
11.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8.BEKKJAR	35
11.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	35
11.2	NÁMSMAT	36
11.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR	36
12.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9.BEKKJAR	36
12.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	37
12.2	NÁMSMAT	38
12.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR.....	38
13.	SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10.BEKKJAR	38
13.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG	39
13.2	NÁMSMAT	40
13.3	FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR	40
14.	SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA.....	41
14.1	LEIKFIMIKENNSLA.....	41
14.2	NÁMSMAT	41
14.3	SUNDKENNSLA	42
14.4	NÁMSMAT	42
15.	SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI	42
15.1	NEMENDATEYMI.....	43
15.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI.....	43
15.3	SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF.....	44
16.	SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA	45
16.1	MARKMIÐ	45
16.2	UPPBYGGING KENNSLUNNAR / KENNSLUADFERÐIR	45
16.3	NÁMSEFNI OG GÖGN	46
16.4	NÁMSMAT	47
16.5	SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLA ÁRINU	47
17.	SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA.....	48
17.1	ÁRG./HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI	48

17.2	KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT	51
17.3	SKIPULAG	51
17.4	VIÐBURÐIR	51
18.	SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA	52
18.1	KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT	53
18.2	ÁHERSLUR	54
18.3	SÉRSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU	54
19.	SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA	55
19.1	KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT:	60
19.2	SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU	61
20.	VAL	61
21.	VETTVANGSFERÐIR Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI	64
22.	NEMENDAFÉLAG - FÉLAGSSTARF	65
23.	ÞRÓUNARVERKEFNI	68
23.1	LESTUR	68
23.2	SÍMENNTUN	69
23.3	HEILSUEFLANDI SKÓLI	70
23.4	GRÆNFÁNI	71
23.5	UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR	71
24.	BÓKASAFN	72
24.1	ALMENN STARFSEMI	72
24.2	STARFSMENN	73
24.3	FRÆÐSLA	73
24.4	ENDURMENNTUN	74
24.5	AÐFÖNG / AÐFANGASTEFNA	74
24.6	INNKAUP OG EFNISVAL	75
24.7	GRISJUN	75
24.8	GJAFIR	76
24.9	AÐVENTA	76
24.10	HEIMSÓKNIR	76
24.11	LESTRARHVATNING OG KLÚBBAR	77
	<i>Klúbbar</i>	<i>77</i>
	<i>Tími til að lesa</i>	<i>77</i>
	<i>Tölvubúnaður</i>	<i>78</i>
24.12	NÁMSBÆKUR	78
24.13	SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN	78
24.14	VIÐBURÐIR	79
	<i>Bókasafnsdagurinn</i>	<i>79</i>
	<i>Norræn bókasafnavika</i>	<i>79</i>
	<i>Vika bókarinnar</i>	<i>80</i>
24.15	ÓVENJULEGT SKÓLAÁR	80
	<i>Tímabundið húsnæði</i>	<i>80</i>

	<i>Kórónaveirufaraldurinn</i>	81
	<i>Átak vegna nýs bókasafnskerfis</i>	81
24.16	LOKAORÐ.....	81
25.	KLETTUR	82
25.1	NEMENDUR	82
25.2	STARFSFÓLK.....	83
25.3	MARKMIÐ	83
25.4	NÁMSMAT	84
26.	SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN)	84
26.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.	84
26.2	NÁMSMAT	85
27.	SAMANTEKT	85

1. FORMÁLI

Ársskýrsla Grunnskólans í Borgarnesi kemur nú út í fimmta sinn. Markmið með ársskýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum ár hvert. Skýrslan er mikilvægt gagn til að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún nýtist sem góð heimild um skólastarfið frá ári til árs.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans (www.grunnborg.is) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til fræðslunefndar, stjórnar foreldrafélagsins og bókasafns Grunnskólans í Borgarnesi. Skýrslan kemur einnig út á rafrænu formi og er þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri.

2. INNGANGUR

Skólastjóri skólans heitir Júlía Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, deildarstjóri er Kristín Valgarðsdóttir og deildarstjóri sérkennslu er Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

Skólastjórnendur mættu til vinnu þriðjudaginn 6. ágúst en skólaárið hófst hjá kennurum með sameiginlegum starfsdegi allra skóla á Vesturlandi í Stykkishólmi þann 15. ágúst. Vegna framkvæmda var ekki hægt að taka á móti starfsfólki inn í skólann fyrr en mánudaginn 19. ágúst. Starfsmannafundur var mánudaginn 19. ágúst þar sem stjórnendur buðu starfsmenn velkomna til starfa ásamt því að línur voru lagðar fyrir komandi vetur. Áætluð skólasetning var fimmtudaginn 22. ágúst en vegna framkvæmda frestaðist hún til mánudagsins 26. ágúst. Skólasetning var haldin í íþróttahúsinu og var kl. 10:00 fyrir alla nemendur skólans. Nemendur mættu með foreldrum sínum á skólasetninguna og héldu svo með umsjónarkennurum sínum í skólann þar sem þeir fengu stundatöflur, skóladagatal auk þess sem námsefni vetrarins var kynnt. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 27. ágúst.

3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Ragnildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri sérkennslu

Kristín Valgarðsdóttir, deildarstjóri

3.2 SKÓLARÁÐ

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Hanna S. Kjartansdóttir, fulltrúi kennara

Pórunn Kjartansdóttir, fulltrúi kennara

Kristín Markúsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Jóhanna Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra

Sjöfn Hilmarsdóttir, fulltrúi foreldra

Þorvaldur Ásberg Kristbergsson, fulltrúi grenndarsamfélags/foreldra

Elínóra Ýr Kristjánsdóttir, fulltrúi nemenda

Elfa Dögg Magnúsdóttir, fulltrúi nemenda

3.3 FORELDRAFÉLAG

Sjöfn Hilmarsdóttir, formaður

Katla Gunnarsdóttir, varaformaður

Lilja Gréta Norðdahl, gjaldkeri

Ingibjörg Jónasdóttir, ritari

Meðstjórnendur; Thelma Eyfjörð Jónsdóttir, Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir og Þorvaldur Ásberg Kristbergsson.

3.4 NEMENDARÁÐ

Elínóra Ýr Kristjánsdóttir, formaður
Elfa Dögg Magnúsdóttir, varaformaður
Elín Björk Sigurpórsdóttir, gjaldkeri
Edda María Jónsdóttir, ritari
Valborg Elva Bragadóttir, meðstjórnandi
Jónas Bjarki Reynisson, tæknistjóri
Örn Einarsson, tæknistjóri

3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri
Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri sérkennslu
Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi
Guðný Guðmarsdóttir, verkefnastjóri hjá skólaþjónustunni

3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi
Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Guðný Guðmarsdóttir, verkefnastjóri hjá skólaþjónustunni

3.7 ÁFALLARÁÐ

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri
Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Sóknarprestur

3.8 EINELTISTEYMI

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri
Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi
Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Inga Margrét Skúladóttir, kennari

3.9 ÖRYGGISNEFND

Elín Kristinsdóttir
Snæbjörn Óttarsson
Þórarinn Torfi Finnbogason
María Erla Guðmundsdóttir

3.10 NEMENDAFJÖLDI

Nemendur skólans eru í dag 305 og er áætlaður fjöldi nemenda næsta skólaárið 300.

Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs.

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda vorið 2020.

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónakennarar
1.	23	12	11	Sigrún Sveinsd./Steinunn Bjarnad.
2.	37	21	16	Katrín Eðvaldsd./Margrét Eggertsd.
3.	21	13	8	Birgitta Eyþórsd./Hólmfríður Ólafsd.
4.	29	15	14	Arna Einarsd./Sæbjörg Kritmannsd.
5.	29	13	16	Ásta Björk Björnsd./Kristín Frímanssd.
6.	39	18	21	Dagmar Harðard./Viktor M. Jónasson
7.	31	19	12	Bjarney Bjarnad./Bjarni Bachmann
8.	46	21	25	Amelía Christine/Haraldur M.Stefánsson
9.	23	15	8	Birna Hlín Guðjónsd./Inga Margrét Skúlad.
10.	27	16	11	Hildur Hallkelsdóttir

3.11 STARFSMENN

Nafn	Starf	Hlutfall
Alicja Garcarska	Skólaliði	100
Amelia Christine Scholl	Umsjónarkennari 8. bekkjar	100
Anna Guðmundsdóttir	Bókasafn - kennari	80
Anna S. Guðbrandsd.	Myndmenntarkennari	100
Arna Einarsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekkjar	80
Ásta Björk Björnsdóttir	Umsjónarkennari 5. bekkjar	100
Birgitta M. Eyþórsdóttir	Umsjónarkennari 3. bekkjar	100
Birna Hlín Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari 9. bekkjar	100
Bjarney Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 7. bekkjar	100
Bjarni Bachmann	Umsjónarkennari í 7. bekk	100
Dagmar Mýrdal Harðard.	Umsjónarkennari í 6. bekk	100
Elín Kristjánsdóttir	Námsráðgjafi hjá Borgarbyggð	40
Elín Matthildur Kristinsd.	Velferðarkennari	80

Elísabet Ýr Bjarnadóttir	Proskapjálfi	80
Eva Lára Vilhjálmsdóttir	Textílkennari	100
Fanney Þorkeldsdóttir	Proskapjálfi	100
Fjóla V. Guðjónsdóttir	Veikindaleyfi	100
Franziska Jóney Pálsd.	Sérkennsla	50
Gestur A. Grjetarsson	Tölvuumsjón	40
Guðbjörg Konráðsdóttir	Stuðningsfulltrúi	76
Guðdís Jónsdóttir	Skólaritari	100
Guðmundur Eyþórsson	Sérkennsla	49,9
Guðrún R. Kristjánsdóttir	Sérkennsla	49,9
Guðrún S. Guðbrandsd.	Námsleyfi	100
Hanna S. Kjartansdóttir	Dönsku og íþróttakennari	100
Haraldur M. Stefánsson	Umsjónarkennari í 10. bekk og íþróttakennari	100
Helena B. Guðmundsd.	Verkefnastjóri Kletts	20/80
Helga S. Magnúsdóttir	Grunnskólakennari	100
Hildur Hallkelsdóttir	Umsjónarkennari 10. bekkjar	100
Hólmfríður Ólafsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk	100
Hulda Hrönn Sigurðard.	Deildarstjóri sérkennslu	75/25
Inga B. Tryggvadóttir	Aðstoðarmatráður	60
Inga Margrét Skúladóttir	Umsjónarkennari í 9. bekk	80
Jóhannes Magnússon	Stuðningsfulltrúi	85
Jónína G. Heiðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	60
Júlía Guðjónsdóttir	Skólastjóri	100
Katrín Rósa Eðvaldsd.	Umsjónarkennari 2. bekkjar	100
Kolbrún A. Rafnsdóttir	Skólaliði	100
Kristín Amelía Þuríðard.	Stuðningsfulltrúi	85
Kristín Frímansdóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk	100

Kristín M. Valgarðsdóttir	Deildarstjóri	100
Kristín Markúsdóttir	Skólaliði	100
Margrét F. Eggertsdóttir	Umsjónarkennari 2. bekkjar	100
Margrét Skúladóttir	Hönnun og smíði	100
María Erla Guðmundsd.	Skólaliði	100
Monika Z.F. Mazur	Stuðningsfulltrúi	66
Páll Leó Jónsson	Ensku og dönskukennari	49,9
R.Kristín Einarsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	100
Sigríður Eva Magnúsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur	40
Sigríður H. Hálfánard.	Þroskaþjálfari	100
Sigrún Sveinsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekkjar	100
Sigrún Ö. Sigurðardóttir	Íþróttakennari	100
Silja Jónasdóttir	Aðst. matráður	100
Snæbjörn Óttarsson	Kokkur	100
Sóley Björk Sigurþórsd.	Kennari í 4. bekk	11,5%
Steinunn Þ. Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 1. bekkjar	100
Sveinbjörg Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	76,50
Sæbjörg Kristmannsdóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk	100
Vesna Pavlovic	Aðstoð á bókasafni	50
Victor P. Rodriques	Stuðningsfulltrúi	100
Víktor Már Jónasson	Umsjónarkennari 6. bekkjar	100
Þórarinn Torfi Finnbogas.	Húsvörður	100
Þórdís Á. Arnfinnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	73,49
Þórunn Kjartansdóttir	Heimilisfræði	100

3.12 SKÓLALÓÐ

Í kringum skólann er óafgirt skólalóð og hafa nemendur stórt og gott svæði til að leika sér á. Lóðin skiptist í tvö svæði þar sem á öðru svæðinu er sparkvöllur ásamt rólu og á hinu svæðinu körfuboltakarfa. Í vetur hefur skólalóðin verið minnkuð töluvert vegna framkvæmda. Búið er að teikna/ hanna skólalóðina af arkitektum og verður byrjað að vinna í henni í sumar. Á skólalóðinni er klettur sem nemendur leika sér gjarnan á, sérstaklega þegar það er snjór og hægt að renna sér einnig sem þar er snjóboltakastsvæði nemenda.

3.13 SKÓLAAKSTUR

Nemendur af Mýrunum sækja skólann og er lengsti aksturinn frá Syðstu – Görðum sem er í Eyja og Miklaholtshreppi. Innanbæjarakstur er í Borgarnesi og eru það nemendur frá Dílahæð og upp í Bjargslund sem fá þann akstur. Skólabílstjórar skólans eru Jón Axel, Gísli, Sturla, Sigurbjörn og Sigurður Ingi.

3.14 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Meginstefna skólans er að efla nemendur sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga sem geta sýnt samkennd með öðrum. Einstaklinga sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun. Vörðurnar á þessari leið eru Uppbyggingarstefnan, Grænfánaverkefnið, Heilsueflandi grunnskóli, námsmatið og kennslufyrirkomulagið. Við lítum á hvern árgang sem eina heild og er verið að innleiða markvissa teymiskennslu. Með teymiskennslu er verið að koma betur til móts við hvern nemanda, m.a. með því að skipta í hópa eftir þörfum, getu og áhuga. Þetta var þriðji veturinn sem skólinn tók þátt í innleiðingu

teymiskennslu ásamt Grunnskóla Borgarfjarðar undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar. Við höfum náð markmiði okkar og getum stolt kallað okkur teymiskennsluskóla. Í vetur var einnig unnið ásamt GBF að verkefni tengdu bekkjaranda og betri skólabrag. Við höfum verið með námskeið í vetur sem kallast „Verkefnakistan“ og er námskeiðið haldið á vegum KVAN. Til að sýn okkar á skólastarfinu náí fram að ganga þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott og með velferð nemandans að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur**. Þessi orð eru burðarstólpar hugmyndafræði skólans í uppeldismálum sem ber heitið „**Uppeldi til ábyrgðar**“. En hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Í nýrri útgáfu skólanámskrár er miðað við að einkunnarorð skólans og uppeldisstefnan séu sýnileg.

Heimaskóli Menntavísindasviðs H.Í

Skólinn tekur á móti nemendum í bæði B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið H.Í og veitir þeim aðgang að skólanum til að vinna þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefni felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi, framkvæmd kennslu og athugunum á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt. Leiðbeinendakennari tekur þátt í frammistöðumati á nemum og leiðbeinir þeim á vettvangi. Þá hefur skólinn einnig haft samstarf við Háskólann á Akureyri um vettvangsnám og æfingakennslu kennaranema. Átta kennaranemar voru í vettvangsnámi við skólann í vetur.

3.15 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu

aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólustjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

3.16 VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir.

Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga. *Tafla 2:*

Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Námssvið Námsgreinar	1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku	5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku	8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku	1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	100,00%

Tafla 3: Skipting námsgreina skólaárið 2019-2020 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	8.5	8	7	7	6.5	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Danska	0	0	0	0	0	1	3	3	3	3
Enska	0	0	0	2	2.5	2	2	3	4	4
Samfélagsfræði	4.5	4	3	3	5	5	4.5	5	3	3

Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	3	3
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Hönnun og smíði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Textíl	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Myndmennt	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Leiklist/Tónmennt	2	2	2	2	2	2	0.9	0.9	0.6	0.6
Val	2	2	2	0	1	1	2,5	3	3	3
Samtals	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37
Viðmið	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1.BEKKJAR

Í árganginum voru 22 nemendur, 11 strákar og 11 stelpur. Tveir nemendur bættust við að vori og voru nemendur því 24 við lok skólaárs. 12 strákar og 12 stelpur. Umsjónakennarar voru tveir ásamt Fanneyju Þorkeldsdóttur þroskaþjálfara sem sá um sérkennslu. Ása Arnfinnsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum. Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði, Eva Lára Vilhjálmssdóttir kenndi textílmennt, Þórunn Kjartansdóttir kenndi heimilisfræði og Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Birna Þorsteinsdóttir kom einu sinni í viku með söngstund, var ýmist inni í stofu eða á sviði í matsal. Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu leikfimi og sund.

4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar, var höfð að leiðarljósi og reglulega haldnir bekkjarfundir.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Kennt var samkvæmt aðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Vorum talsvert í hópavinnu og stöðvum en vegna plássleysis hefði það mátt vera meira.

Í vetur tókum við upp á þeirri nýbreytni að vinabekkur 1. bekkjar kom u.þ.b. mánaðarlega í heimsókn og hlustuðu á nemendur lesa og kvittuðu fyrir og svo fengu nemendur að spila saman. Mikil ánægja var hjá báðum árgöngum með þetta fyrirkomulag.

4.2 NÁMSMAT

Tvö hraðlestrarpróf voru lögð fyrir í janúar og maí. Lagt var fyrir Lesferill sem er Lesskimun fyrir 1. bekk í október, Læsi 2 í febrúar og Læsi 3 í maí sem er mat á lestri, lesskilningi og réttritun. HópaVinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði var námsmat jafnt og þétt ásamt könnun að vori sem tók á flestum námsþáttum vetrarins (tölustafir og talnaskilningur, reikniaðgerðir, og form og flokkun).

Í náttúru- og samfélagsfræði var mikil samþætting við byrjendalæsi.

Líðankönnun var send heim með nemendum að hausti og rætt í foreldraviðtölum í október.

Foreldraviðtöl fóru fram þrisvar yfir veturinn (október, febrúar og júní) og oftast eftir þörfum.

Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð.

Inn á mentor færðum við inn einkunnir frá A – D á nokkur hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.

4.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Leikskólaheimsókn.

Að vori var unnið með húsdýrin og í lokin var farið í vorferð að Rauðnesi.

Kynning á sumarlestri í Safnahúsinu.

Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

5 SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2.BEKKJAR

Í árganginum voru í upphafi 36 nemendur, 21 strákur og 14 stelpur, í október bættist svo ein stelpa við og urðu nemendur þá samtals 37. Umsjónakennarar voru tveir, Margrét Fanney Eggertsdóttir og Katrín Rósa Eðvaldsdóttir, ásamt þroskaþjálfara, Fanney Þorkeldsdóttir, og sérkennara, Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir, sem sáu um sérkennslu. Kolbrún Óttarsdóttir og Sveinbjörg Stefánsdóttir voru stuðningsfulltrúar í bekknum, Kolbrún hætti á áramótum og þá kom Monika Mazur í staðinn. Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði, Eva Lára Vilhjálmsdóttir kenndi textílmennt, Þórunn Kjartansdóttir kenndi heimilisfræði og Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Tónmenntakennsla fór fram í umsjónarstofu og Salnum eftir áramót, Birna Þorsteinsdóttir sá um kennsluna. Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu leikfimi og sund.

5.1.HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Uppbyggingarstefnan, Uppeldi til ábyrgðar, var höfð að leiðarljósi.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Allir morgnar byrjuðu á yndislestri og upplestri fyrir kennara. Kennt var samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar, sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Reglulega voru hringekjur eða stöðvavinna þar sem unnið var í litlum hópum í ýmsum verkefnum með áherslu á teymiskennslu. Sérkennari tók fámennan hóp nemenda í sérkennslu þó með sama námsefni.

5.2. NÁMSMAT

Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir í september, janúar og maí. Lagt var fyrir Læsispróf og Lesmál sem er mat á lestri, lesskilning og réttitun. Hópavinna og almenn vinnubrögð í Byrjendalæsi voru einnig metin.

Í stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir eftir hvern kafla í Sprotu. Einnig var lögð fyrir stærri könnun um miðjan vetur og að vori.

Í náttúru- og samfélagsfræði var mikil samþætting við byrjendalæsi.

Námsmatið var metið jafnt og þétt og sett inn á www.mentor.is þar sem foreldrar gátu fylgst með námframvindu barna sinna.

Líðankönnun var send heim með nemendum og farið yfir hana í foreldraviðtali að hausti.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð. Haldnir voru teymisfundir fyrir þá nemendur sem við átti.

5.3. FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Náttúruskoðun við skólann, í Englendingavík og í Skallagrímssgarði.

Gönguferðir um nærumhverfi skólans í tengslum við verkefnið um Egil.

Landnámssetrið – Egilssýning

Ruslatínsla í fjörunni við Berugötu

Vorferð á Seleyri.

Kynning á sumarlestri í Safnahúsinu og heimsókn á fuglasafnið og sýninguna Börn í 100 ár.

Vinabekkir hittust alla föstudaga yfir skólaárið í bekkjarstofu 2.bekkar þar sem nemendur úr báðum árgöngum lásu fyrir hvort annað. Einnig hittust bekkirnir í leikjum, jólaföndri og svo í ljósagöngunni í desember.



Katrín Rósa Eðvaldsdóttir og Margrét Fanney Eggertsdóttir

6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3.BEKKJAR

Í árganginum voru í upphafi 20 nemendur, 12 drengir og 8 stúlkur. Einn drengur bættist í hópinn í mars. Umsjónakennarar voru tveir ásamt þroskaþjálfara sem sá um sérkennslu. Monika Mazur var stuðningsfulltrúi í bekknum fram að áramótum en enginn stuðningsfulltrúi var það sem eftir var skólaársins. Margrét Skúladóttir kenndi hönnun og smíði, Eva Lára Vilhjálmisdóttir kenndi textílmennt, Þórunn Kjartansdóttir kenndi heimilisfræði og Anna Sigríður Guðbrandsdóttir kenndi myndmennt. Tónmenntakennsla var í höndum Ólafs Flosasonar. Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir.

6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og námsmat. Uppeldisstefnan, Uppeldi til ábyrgðar var höfð að leiðarljósi og vikulega voru bekkjarfundir. Einnig sóttu umsjónarkennarar námskeið á vegum fyrirtækisins KVAN og nýttu sér áherslur þess. Verkefnið ber heitið Verkfærakistan, höfundur þess er Vanda Sigurgeirsdóttir. Áherslur verkefnisins er forvörn gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun.

Í upphafi vetrar voru aðstæður í skólanum óvenjulegar vegna framkvæmda og nýbyggingin ekki tilbúin fyrir nemendur yngsta stigs. Þannig að fengnar voru skólastofur unglíngastigs að láni fram í október. En þá fluttu nemendur í nýja hlutann.

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins og sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Kennt var í upphafi skólaársins samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á að samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar - náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingamennt. Stöðvavinna með aðferðum Læsisfimmunnar (The daily five eftir Gail Bousher og Joan Moser) var unnin í hverri viku. Nemendur höfðu val um fimm stöðvar þar sem megináherslur læsis eru ritun, orðavinna, hlustun, sjálfstæður lestur og vinallestur voru í fyrirrúmi. Lestur var í hávegum hafður bæði í skólanum og heima þar sem foreldrar voru hvattir til að hlusta á barn sitt lesa að lágmarki fimm sinnum í viku.

6.2 NÁMSMAT

Lesferill hraðlestrarpróf voru lögð fyrir í september, janúar og maí. Orðarún í október og mars þar sem lesskilningur var mældur. HópaVinna og almenn vinnubrögð voru einnig metin.

Í stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir eftir hvern áhersluþátt. Einnig var lagt fyrir stöðupróf að vori. Í náttúru- og samfélagsfræði voru námsgreinar samþættar við íslenskukennslu.

Námsmatið var metið jafnt og þétt og fært inn á www.mentor.is þar sem foreldrar gátu fylgst með námsframvindu barna sinna. Líðankönnun var send heim með nemendum á miðjum vetri. Nemenda- og foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn í október og febrúar. Farið var yfir líðan, námsferil og vinnubrögð. Hjá einstaka nemendum voru viðtölin oftari.

6.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Farið var í náttúruskoðun í Englendingavík og í Skallagrímssgarði. Nemendur fluttu jólaguðsspjallið á Litlu jólunum í íþróttahúsinu. Í jólaútlarpinu lásu þeir úr bókinni Tröllagleði eftir Steinar Berg og sungu nokkur jólalög. Farið var í heimsókn á Pósthúsið í tengslum við bókina Gula sendibréfið sem unnið var með í Byrjendalæsinu. Vinabekkja hittingur var nokkrum sinnum þar sem nemendur hittust og spiluðum, eldri krakkarnir hlustuðu á þau yngri lesa reglulega yfir skólaárið, gengið var saman í kertagöngu í Skallagrímssgarði og í lok skólaársins var leikjastund í Skallagrímssgarði.

Farið var í ruslatíslu í fjörunni við Englendingavík og á Vesturnesi. Í maí var farið í gönguferð út í Litlu Brákarey með leiðsögn Finnþoga Rögnvaldssonar og vorferð á Akranes á Langasand.

Einnig var farið í heimsókn á Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þar sem nemendur fengu kynningu á sumarlestri.



Mynd 1 Litla Bitla Brákey



Mynd 2 Hópmynd með vinabekk

Birgitta Mjöll Eyþórsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4.BEKKJAR

Nemendur í 4. bekk voru 29. Kynjaskiptingin var 14 stúlkur og 15 drengir. Nemendur voru í tveimur umsjónarhópum. En hópnum kennt saman í einni kennslustofu.

Umsjónarkennarar hópsins voru Arna Einarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir og kenndu þær íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, og upplýsingatækni. Sæbjörg kenndi ensku. Stuðningsfulltrúi í nokkrum kennslustundum á viku var Monika Mazur. Íþróttir kenndu Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Már Stefánsson. Textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir, hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir og myndmennt var í höndum Önnu Sigríðar Guðbrandsdóttur. Tónlistarskólinn sá um tónmenntakennslu. Sigríður Hrund Hálfðánardóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir sáu um sérkennslu í hópnum.

7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í öllum námsgreinum og samþættingu námsefnis, sérstaklega í íslensku, samfélags- og náttúrufræði og upplýsingatækni. Innlagnir, umræður, einstaklingsbundin verkefnavinna, hópavinna, stöðvar, útikennsla, vinna í tölvum og fl. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Tvisvar yfir veturinn var sérstök heimavinna þar sem markmiðið var að auka hraðlestur og lesskilning.

Nemendum stóð til boða að fara einu sinni í viku í slökun í Búbblluna hjá Elínu Kristinsdóttur, langflestir nýttu sér alla tímana.

Í uppeldi til ábyrgðar, var gerður bekkjarsáttmáli um samskipti, farið yfir hlutverk nemenda og starfsfólks. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur þekktu sínar þarfir og leystu úr ágreiningi á uppbyggilegan hátt.

Aðalnámskrá grunnskólans var höfð að leiðarljósi við gerð kennsluáætlana.

Nemenda / foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar.

Covid faraldurinn hafði mikil áhrif á skipulag allrar kennslu, nokkrir nemendur voru alveg heima á meðan flestir mættu annan hvern dag í skólann. Heimakennsla var hjá þeim sem heima sátu.

7.2 NÁMSMAT

Nemendur tóku samræmt próf í íslensku og stærðfræði að hausti. Símat í öllum greinum jafnt og þétt yfir veturinn, í lok maí tóku nemendur stórt próf í stærðfræði. Lesfimi, hraði og nákvæmni skoðað þrisvar yfir skólaárið. Lesskilningsprófin Orðarún voru lögð fyrir í október og í febrúar. Ritun skoðuð sérstaklega og þátttaka í umræðum og hópavinnu metin. Einkunnir og

umsagnir birtar nemendum og foreldrum á hæfnikorti í Mentor og á vitnisburðarspjaldi að vori.

Haustfundur með foreldrum var haldinn í september. Fjallað var um áherslur vetrarins og mikilvægi lestrarkennslu og heimalesturs.

7.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur tóku þátt í jólaútlitum og lásu texta um jól afa og ömmu. 4. bekkur myndar kórinn í helgileikum á jólaskemmtun í íþróttahúsi. Árshátíð skólans féll niður vegna Covid. Vorferð bekkjarins var farin í maí, farið var í landbúnaðarsafnið á Hvanneyri og kíkt í stutta heimsókn í Grunnskóla Borgarfjarðar Hvanneyrardeild, í sund í Borgarnesi og ísferð. Ópið hús féll niður vegna Covid.

Arna Einarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir

8. SKÝRSLA UMSJÓNAKENNARA 5.BEKKJAR.

Nemendur voru 30 við lok 5. bekkjar. Kynjaskiptingin var 17 stúlkur og 13 drengir. Einn nemandi stundaði nám að megninu til í Bíldudalsskóla, en var eina viku í mánuði í Grunnskólanum í Borgarnesi. Umsjónarkennarar hópsins voru Kristín Frímansdóttir, sem kenndi hópnum einnig síðast liðinn vetur og Ásta Björk Björnsdóttir sem kom ný í kennslu í hópnum. Báðir kennarar sáu um kennslu allra námsgreina að því undanskildu að Kristín sá um stærðfræðikennslu en Ásta ensku.

Stuðningsfulltrúi var Guðbjörg Konráðsdóttir sem var inni í bekknum alla bóklega tíma og fylgdi þeim einnig í íþróttir. Franziska Pálsdóttir kom inn í kennslu í íslensku og félagsfærni sjö

kennslustundir í viku og Guðmundur Eyþórsson kom inn í kennslu í stærðfræði sex kennslustundir í viku frá áramótum. Elín Kristinsdóttir var með velferðarkennslu í Búbbli einu sinni í viku fyrir bekkinn í fámennum hópum og var líka með einstaka nemendur í einkatímum.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu 5. bekk íþróttir og sund í vetur. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir.

Nemendur 5. bekkjar voru í vali á hverjum fimmtudagsmorgni. Nemendur völdu sér fjögur ólík viðfangsefni yfir veturinn. Kennsla var á höndum kennara af miðstigi og list-og verkgreinakennara.

8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Kennsla var skipulögð út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Mikil áhersla var lögð á kennsluaðferðina *Samvirkt nám* þar sem nemendur tileinka sér ákveðið hlutverk í hópastarfi og hver og einn nemandi þarf að leggja sitt af mörkum til að hópurinn ljúki þeim verkefnum sem honum er ætlað. Aðferðin var nýtt bæði í íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og ensku. Sömmuleiðis var lesskilningsaðferðin *Gagnvirkur lestur* kennd markvisst og nýtt í öllum bóklegum fögum. Stöðvavinna var nýtt í bland við hópvinna og kennarastýrða vinnu. *Söguaðferðin* var nýtt í samfélagsfræðikennslu. Flestar námsgreinar voru kenndar í lotum í vetur, þar sem fengist var við ákveðin verkefni í ákveðinn tíma, gjarnan samþætt milli greina. Tímafjöldi gat þannig hreyfst milli faga á hverju tímabili eftir því hvar áherslan lá.

Mikil vinna fór í félagsþjálfun og samskipti. Unnið var með m.a. með námsefnið *Verkfærakistan* og *Uppbyggingastefnuna*.

Nemendaviðtöl voru tekin einu sinni í vetur þar sem rætt var við nemendur um líðan í skóla. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan og námsárangur hvers nemanda.

Árganginum var kennt í tveimur aðskildum kennslustofum. Nemendum var skipt upp í heimastofur á tveggja vikna fresti og unnu að megninu til í þeim stofum á þeim tíma en fóru þó einnig á milli stofa í hin ýmsu hópverkefni.

8.2 SÉRSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU

Skólasetning frestaðist lítillega vegna framkvæmda við skólabyggingu. Skólastarf fór í breyttan farveg vegna Covid veirunnar á tímabilinu 16. mars – 4. maí. Á því tímabili mættu flestir nemendur annan hvern dag í skólann en fengu kennslu heima á mótí. Nokkrir nemendur stunduðu námið heima alfarið þennan tíma. Hverja viku var send út vikuáætlun með þeim verkefnum sem nemendum var ætlað að vinna í heimanámi. Nemendur í heimakennslu fengu daglega fundi með kennara í gegnum Teams samskiptaforritið og skiluðu öllum sínum verkefnum rafrænt á þeim tíma í gegnum office.com og Teams.

8.3 NÁMSMAT

Lögð var áhersla á fjölbreytt námsmat. Námsmat var byggt á sjálfsmati nemenda, símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, könnunum, munnlegum og skriflegum. Reynt var að hafa mat leiðbeinandi og nemendamiðað.

8.4 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur 5. bekkjar fóru í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands og á sýninguna um náttúru Íslands í Perlunni. Einnig voru skoðaðar sýningar á Landnámssetrinu; Egilssýning og sýning um

landnám Íslands. Nemendur náðu að stunda hluta náms síns í útikennslu og voru farnar vettvangsferðir m.a. í Einkunnir, Englendingavík og Skallagrímogarð sem og í nærumhverfi skólans. Miðstigsleikarnir, íþróttamót nemenda á miðstigi úr fjölmörgum skólum á Vesturlandi, voru haldnir á fyrstu dögum vetrar. Töluverð vinna fór í undirbúning fyrir jólaútlit Óðals. Fjölmargir nemendur tóku þátt í samkeppni RÚV, *Sögur*, og skiluðu inn sögum, leikritum, handritum og lögum. Sökum Covid var hvorki árshátíð né vorsýning í skólanum þetta skólaár.

Ásta Björk Björnsdóttir og Kristín Frímansdóttir

9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6.BEKKJAR

Nemendur voru 39 við lok 6. bekkjar. Kynjaskiptingin var 21 stúlka og 18 drengir. Umsjónarkennarar hópsins voru Dagmar Mýrdal Harðardóttir og Viktor Már Jónasson og kenndu þau í teymiskennslu íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Stuðningsfulltrúi var Jónína Heiðarsdóttir sem nýttist fyrir hádegi aðallega í að láta lesa. Helena Björk Guðmundsdóttir var með 12 tíma í viku í sérkennslu. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmisdóttir og hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendur 6. bekkjar voru í fimmtudagsvali sem breyttist fjórum sinnum yfir skólaárið. Elín Kristinsdóttir var með Búbblu tíma einu sinni í viku og var líka með einstaka nemendur í einkatímum.

9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan og námsárangur hvers nemanda. Áhersla var lögð á að nemendur færu eftir fyrirætlunum, gætu haft vinnufrið og tekið ábyrgð á eigin námi og hegðun. Mikið hefur unnist í þeim efnum í vetur.

9.2 SÉRSTÆÐAR ÁSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU

Skólaárið byrjaði aðeins seinna sökum framkvæmda á skólabyggingu. Vegna Covid raskaðist skólastarf frá 16. mars – 4. maí. Nemendahóp var tvískipt á þessu tímabili og mættu því aðeins annan hvern dag í skólann. Kennarar þurftu því að aðlaga sig að nýjum aðstæðum þar sem fjarkennsla fór einnig fram þá daga sem að nemendur mættu ekki í skólann. Einstaka nemendur voru eingöngu í fjarkennslu á þessu tímabili. Sökum þess að fjarkennsla var í gangi var mikill uppgangur í tæknimálum hjá kennurum og nemendum. Notast var við TEAMS og mörg verkefni unnin í office.

9.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á leiðsagnarmati, símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum.

9.4 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur 6. bekkjar fóru í heimsókn á Landnámssetrið og sáu Egilssýningu. Nemendur tóku þátt í frjálsíþróttamóti á haustdögum, jólaútarpi (í desember), voru með atriði á litlu jólunum, fóru í námsferð í Einkunnir. Sökum Covid var ekki árshátíð né vorsýning.

Dagmar M. Harðardóttir og Viktor Már Jónasson

10. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR

Í upphafi vetrar voru nemendur í 7. bekk 30 talsins, 19 drengir og 11 stúlkur, ein stúlka bættist við nemendahópinn í nóvember og einn drengur í janúar, var hann til skiptis í Auðarskóla og Grunnskólanum í Borgarnesi en það féll svo uppfyrir vegna Covid-19. Umsjónarkennarar hópsins voru Bjarney Bjarnadóttir og Bjarni Bachmann. Höfðu þau sameiginlega umsjón með hópnum en Bjarney sá þó að mestu leyti um íslensku- og dönskukennslu og Bjarni um stærðfræði- og enskukennsluna. Þau kenndu samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni saman. Franziska Jóney Pálsdóttir var sérkennari bekkjarins. Jónína Guðrún Heiðarsdóttir var stuðningsfulltrúi bekkjarins allt skólaárið og Guðmundur Eyþórsson kom inn sem aðstoðarkennari eftir áramót og var aðallega með Bjarna í stærðfræði. Sigríður Hrund Hálfhánsdóttir þroskaþjálfari kom að einstaka nemendum varðandi félagsfærni og Elín Matthildur Kristinsdóttir velferðarkennari tók nemanda í nokkur einstaklingsviðtöl yfir veturinn.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendur 7. bekkjar voru einnig í miðstigsvali sem var á

fimmtudögum, klukkutíma í senn og var hvert val í sex vikur. Mismunandi viðfangsefni voru í boði í hverri lotu.

10.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla á að nemendur ynnu sjálfstætt. Um það bil þrisvar í viku voru „vinnustundir“ þar sem nemendur höfðu möguleika á að ljúka við verkefni vikunnar.

Dagana 19. og 20. september þreyttu nemendur 7. bekkjar samræmd próf.

10.2 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

10.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur 7. bekkjar fóru í fimm daga í skólabúðir að Reykjum vikuna 3. – 7. febrúar og 27. maí fór 7. bekkur í „Sjóferð um sundin blá“ á vegum Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, farið var á hádegishlaðborð á Pizza hut í kjölfarið.

Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlitum í desember og Stóru upplestrarkeppninni sem var sett í nóvember, haldin var innanskólakeppni í febrúar þar sem fulltrúar skólans voru valdir fyrir lokakeppnina sem fór fram í maí. Þar stóð Grunnskólinn í Borgarnesi uppi sem sigurvegari.

Bjarney Bjarnadóttir og Bjarni Bachmann

11. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8.BEKKJAR

Nemendur í 8. bekk voru 44 í upphafi vetrar. Um haustið komu þrjár stúlkur, í janúar bættist ein stúlka í hópnum og var til skiptis í Auðarskóla og í Grunnskólanum í Borgarnesi, í febrúar kom ein stúlka frá Kleppjárnsreykjum og fór ein stúlka í maí á Ísafjörð.

Umsjónarkennarar hópsins voru Amelía Christine Scholl og Haraldur Már Stefánsson. Umsjónarkennarar kenndu í teymi ensku, náttúrufræði og lífsleikni í bekknum. Sérkennsla var í höndum Elísabetar Ýrar Bjarnadóttur og Amelíu Christine Scholl. Amelía Christine Scholl kenndi samfélagsfræði. Hildur Hallkelsdóttir og Helga Stefanía Magnúsdóttir kenndu íslensku. Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir kenndu stærðfræði. Páll Leó Jónsson og Helga Stefnía Magnúsdóttir kenndu dönsku. Hanna Sigga Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir og Margrét Skúladóttir kenndi smíði. Nemendur 8. bekkjar völdu sig í miðvikudagsval, sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 4-8 vikur. Það var ein smiðjuhelgi í vetur sem var frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi.

11.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið

sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd. Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt,

11.2 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum, lokaverkefnum skilað með fjölbreyttum hætti.

11.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur 8. bekkjar fóru haustferð í Skorradal þar sem við gistum eina nótt í Skátaskálanum 8.-9. október. Nemendur fóru að vaða, í fjallaklifur og ótal göngutúra. 4. – 5. mars fórum við í skíðaferð í Tindastól. Þar gistum við í Árskóla á Sauðárkróki. 3. júní fórum við í ísferð með vinabekknunum okkar til að fagna skólalokum. Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlarpi (í desember) og útivistardegi 25. maí. Nemendur aðstoðuð svo við flutninga innan skólans í lok skólaársins.

Amelía Christine Scholl/Haraldur Már Stefánsson

12. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9.BEKKJAR

Nemendur í 9. bekk voru 23, þar af einn í fjarnámi. Umsjónarkennarar hópsins voru Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margét Skúladóttir og kenndu þær báðar stærðfræði og lífsleikni í bekknum. Birna Hlín kenndi einnig samfélagsfræði og náttúrufræði. Jóhannes Magnússon var stuðningsfulltrúi árgangsins. Í byrjun skólaárs var sérkennsla í höndum

Guðmundar Eypórssonar, en þegar líða tók á skólaárið var sérstök sérkennsla ekki talin þörf og hún því sett í hendur kennara sem þegar sinntu kennslu í árganginum. Helga Stefanía Magnúsdóttir og Hildur Hallkelsdóttir kenndu íslensku, Hanna Sigríður Kjartansdóttir kenndi dönsku og Amelía Christine Scholl og Haraldur Már Stefánsson kenndu ensku. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendur 9. bekkjar völdu sig í miðvikudagsval sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 6-8 vikur. Einnig áttu að vera smiðjuhelgar tvisvar yfir veturinn frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi, en vegna Covide-19 faraldursins féll seinni smiðjuhelgin niður.

12.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

Í upphafi vetrar voru aðstæður í skólanum óvenjulegar vegna framkvæmda og nýbyggingin ekki tilbúin fyrir yngstu deild skólans ásamt list- og verkgreinakennslu. Ekki var hægt að senda yngstu nemendur skólans úr húsi í óákveðinn tíma og fór unglingadeildin því úr húsi og í húsnæði Menntaskóla Borgarfjarðar. Á meðan á þeirri dvöl stóð, var unnið að einu stóru samþættu verkefni sem fékk nafnið Draumalandið. Öllum nemendum unglingadeildar var blandað saman í fimm til sex manna hópa þar sem þau unnu að hönnun draumalands síns þar sem allt sem tengist landi, samfélagi, innviðum o.þ.h. þurfti

að koma fram. Inn í þessa samþættingu var m.a. áhersla á sköpun, samvinnu, íslensku, ensku, dönsku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Þegar aðeins var liðið á vinnuna var einnig farið að grípa í hefðbundna bekkjarkennslu í íslensku, stærðfræði og ensku. Eftir að þessari dvöl var lokið og húsnæði grunnskólans tilbúið var að mestu stuðst við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu.

Dagana 10. – 12. mars þreyttu 9. bekkjar samræmd könnunarpróf.

12.2 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

12.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur 9. bekkjar fóru í fimm daga í skólabúðir að Laugarvatni vikuna 21. – 25. október og 2. júní fór 9. bekkur í heimsókn á Hernámssetrið í Hvalfirði og í sund að Hlöðum.

Einnig tóku nemendur þátt í jólaútværpi (í desember) og útivistardegi 22. maí.

Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir

13. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10.BEKKJAR

Nemendur í 10. bekk voru 27, þar af einn sem var mikið inni í Kletti. Umsjónarkennarar hópsins voru Hildur Hallkelsdóttir og Fjóla Veronika Guðjónsdóttir, en Fjóla veiktist í ágúst og kom ekki aftur til kennslu og því sá Hildur ein um umsjón bekkjarins en fékk aðstoð frá Helgu Stefaníu Magnúsdóttur þegar þess þurfti. Hildur og Helga kenndu íslensku en auk

Þess kenndi Hildur einnig náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Kristín Amelía Þuríðardóttir var stuðningsfulltrúi árgangsins. Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir kenndu stærðfræði, Helga Stefanía Magnúsdóttir og Páll Leo Jónsson kenndu dönsku og Amelía Christine Scholl og Haraldur Már Stefánsson kenndu ensku. Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Már Stefánsson kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir, myndmennt kenndi Anna Sigríður Guðbrandsdóttir, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Margrét Skúladóttir. Nemendur 10. bekkjar völdu sig í miðvikudagsval sem var einn klukkutími á viku og var hvert val í 6-8 vikur. Einnig áttu að vera smiðjuhelgar tvisvar yfir veturinn frá seinni part föstudags og fram á miðjan dag á laugardegi, en vegna Covide-19 faraldursins féll seinni smiðjuhelgin niður.

13.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

Í upphafi vetrar voru aðstæður í skólanum óvenjulegar vegna framkvæmda og nýbyggingin ekki tilbúin fyrir yngstu deild skólans ásamt list- og verkgreinakennslu. Ekki var hægt að senda yngstu nemendur skólans úr húsi í óákveðinn tíma og fór unglingadeildin því úr húsi og í húsnæði Menntaskóla Borgarfjarðar. Á meðan á þeirri dvöl stóð, var unnið að einu stóru samþættu verkefni sem fékk nafnið Draumalandið. Öllum nemendum unglingadeildar var blandað saman í fimm til sex manna hópa þar sem þau unnu að hönnun draumalands síns þar sem allt sem tengist landi, samfélagi, innviðum o.þ.h. þurfti

að koma fram. Inn í þessa samþættingu var m.a. áhersla á sköpun, samvinnu, íslensku, ensku, dönsku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Þegar aðeins var liðið á vinnuna var einnig farið að grípa í hefðbundna bekkjarkennslu í íslensku, stærðfræði og ensku. Eftir að þessari dvöl var lokið og húsnæði grunnskólans tilbúið var að mestu stuðst við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu.

13.2 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og hinum ýmsu námsmatsverkefnum sem skilað var með fjölbreyttum hætti.

13.3 FERÐALÖG OG VIÐBURÐIR

Nemendur 10. bekkjar fóru ásamt 8. og 9. bekk á Tæknimessu út á Skaga 10. október. Þeir fóru í dagsferð til Reykjavíkur í tengslum við úrskrift 12. nóvember og var m.a. farið í Reykjavík Escape og Trampólíngarðinn. Dagana 2. – 4. júní fór 10. bekkur í útskriftarferð í Skagafjörð. Gist var á Hótel Varmahlíð og farið í flúðasiglingu, litabolta og loftbolta að Bakkaflöt. Farið var í sýndarveruleika í Örlygsstaðabardaga á Sauðárkrók og skotfélagið Ósmenn heimsóttir. Nemendur söfnuðu sjálfir fyrir báðum þessum ferðum. Útskrift 10. bekkjar fór svo fram þann 5. Júní kl. 17:00 í Hjálmakletti og sáu foreldrar um veitingar. Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlarpi (í desember) og útivistardegi 22. maí.

Hildur Hallkelsdóttir

14. SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA

14.1 LEIKFIMIKENNSLA

Allir bekkir frá 1. – 10. bekk voru með tvo tíma á viku í 40 mínútur í senn.

Árgöngunum er skipt í tvo – þrjá hópa eftir stærð. Á meðan einn hópur er í sundi eru hinir tveir í leikfimi. Þegar liðið var á árið prófuðum við að hafa 3. bekk allan saman í öllum tímum.

Kennslan fór fram í íþróttahúsinu, en bæði á haustin og vorin er farið út ef veður leyfir. Í vor var íþróttahúsinu lokað vegna covid og framkvæmda þannig að kennslan var úti þegar stundaskrá varð nokkuð eðlileg á ný.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kynna allar íþróttagreinir, leiki, styrktaræfingar, þol, snerpu, liðleika o.fl.

Ólympíuhlaup Íslands (Norræna skólahlaupið) var hlaupið í september.

Ofurbekkjaleikar fyrir unglíngastig voru haldnir að hausti.

Skólinn var skráður í Lífshlaupið í febrúar en þátttakan var dræm.

Nemendur tóku þátt í skólahreysti án áhorfenda í maí.

Vorskólinn kom í maí.

Íþróttakennarar skipuleggja skólaslit á vorin.

Covid setti að sjálfsgöðu strik í reikninginn. Íþróttakennarar voru staðsettir á miðstigi og unglíngastigi. List- og verkgreinakennarar voru á yngsta stigi.

Kennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Stefánsson.

14.2 NÁMSMAT

Frammistöðumat yfir skólaárið þar sem horft er á t.d. virkni í tímum, áhuga, vinnubrögð, samstarf og virðing fyrir skólafélögum og kennurum, mætingu.

Multistages Fitness test(Píp – þolpróf) er tekið einu sinni að hausti og einu sinni að vori fyrir 3.-10 bekk og er haft til hliðsjónar í námsmati.

14.3 SUNDKENNSLA

Allir bekkir frá 1.-10.bekk fá 1 x sund í viku.

Bekkjunum er skipt í hópa eftir fjölda nemenda í bekk, elstu bekkirnir eru kynjaskiptir.

Kennslan fór fram í innilaug og rennibrautalaug hjá yngstu nemendum en aðallega í útilaug hjá elstu nemendum. 5. bekkur og uppúr eru aðallega úti. Vegna Covid var ekki kennt sund í mars til byrjun maí.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kenna nemendum allar sundaðferðir, bæði í gegnum tækniæfingar og í gegnum leik. Áhersla á ýmis atriði sem koma fyrir í sundstigi hvers bekk.

Einnig fórum við í ýmsa sundknattleiki, vatnsleikfimi og fleira samkvæmt Aðalnámsskrá.

Sundkennari fer alltaf ofan í laug með 1.bekk og jafnvel öðrum bekkjum ef þörf er á.

Fatasund var því miður ekki í vor fyrir 5. og 9.bekk

14.4 NÁMSMAT

Markmið aðalnámsskrá grunnskóla, sundstig og frammistaða í tímum yfir veturinn er til hliðsjónar við lokaeinkunn að vori.

Sundstig auk frammistöðu í tímum yfir veturinn gefur svo lokaeinkunn að vori. Kennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir.

15. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

Deildarstjóri sérkennslu skólaárið 2019-2020 var Hulda Hrönn Sigurðardóttir. Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður sérkennslumála, heldur utan um skipulag sérkennslu, teymisfundi og

ber faglega ábyrgð á sérkennslu innan skólans. Samstarf hefur verið við námsverið Klett sem starfar innan skólans.

15.1 NEMENDATEYMI

Í sérkennslunni, eins og öllu öðru skólastarfi, er lögð mikil áhersla á gott samstarf heimilis og skóla. Þar sem þurfa þykir eru starfandi teymi um málefni nemenda. Mismunandi er hve teymin hittast of yfir veturinn, en algengast er að það sé á um það bil sex til átta vikna fresti. Á fundunum er farið yfir stöðuna, sameiginlega línur lagðar og áherslur mótaðar. Fulltrúar frá félagsþjónustunni og/eða sérfræðiþjónustunni sitja í þeim teymum sem við á. Teymin eru mönnuð í samvinnu við foreldra. Mikil áhersla er á að koma sem best til móts við þarfir nemenda á heildrænan hátt.

15.2 Stuðningsúrræði grunnskólans í Borgarnesi

Í Grunnskólanum í Borgarnesi er lagt upp úr því að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á séraðstoð að halda. Aðstoð er aðlöguð að þörfum hvers og eins. Um getur verið að ræða vanda með nám, félagslega stöðu, líðan eða eitthvað allt annað. Tímabil stuðnings getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins. Nemendur með frávik í námi fá aðlagað námsefni og/eða stuðning, innan eða utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur svo þeir nái að halda í við bekkjarfélagi en í öðrum er betra að fara hægar yfir. Í einstaka tilfellum er veitt undanþága frá fögum en er það ávallt gert í samráði við foreldra/forráðamenn. Nemendur með tilfinninga- og/eða hegðunarörðugleika fá stuðning eftir þörfum.

Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku og stærðfræði. Gripið er inn í félagslegan vanda með félagshæfnisögum og félagslegri þjálfun og við tilfinningalegum vanda er CAT kassinn notaður ásamt reglulegum viðtölum, félagshæfnisögum og tímum í Búbbblunni, sem lesa má um á öðrum stað í skýrslunni. Á yngsta stigi (1.-4. bekkur) var áherslan lögð á lestrarþjálfun og talnaskilning. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir eða í litlum hópi. Einnig starfar sérkennari með nemendum inni í kennslustundum. Allt eftir því hvað hentar best hverju

sinni. Þroskajálfar eru í teyllum í 1. – 4. bekk og liðsinna þá nemendum inni í bekk auk þess að sinna þjálfun utan bekkjar.

Í 5.-7. bekk voru nemendur oftast í litlum hópum hjá sérkennara eða þroskajálfa, ýmist inni í kennslustofu eða á miðrými miðstigs.

Fyrirkomulag sérkennslunnar í unglingadeild var með þeim hætti að sérkennslutímar voru kenndir í hóptímum í bekkjarstofu eða á miðrými. Einnig sóttu nemendur tíma í námsverinu Kletti.

Stuðningsfulltrúar komu að lestrarþjálfun, námsaðstoð og stuðningi almennt á öllum stigum.

15.3 SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september. Allir nemendur þreyttu próf, þeir sem voru með undanþágu frá samræmdu prófi, leystu próf frá sérkennara.

Nemendur voru almennt ánægðir með að leysa prófin rafrænt og lögðu sig fram við að leysa verkefni af metnaði og áhuga. Mjög gott fyrir skipulag kennslu að niðurstöður liggi fyrir seint að hausti. Þá er hægt að nýta niðurstöðurnar til að bregðast við eins og þarf.

Hjá 4. bekk í íslensku kom fram að prófþættir eru nokkuð jafnið, árangur nokkur jafn og betri en á landsvísu. Í stærðfræði hjá 4. bekk voru þeir þættir sem prófaðir eru; tölur og talnaskilningur, reikniaðgerðir og rúmfræði, nokkuð jafnir, en bætt var við stuðningstímum til að þjálfra enn betur tölur og talnaskilning hjá ákveðnum hópi.

Í 7. bekk eru framfarir nemenda almennt svipaðar og gerist almennt á landsvísu, en árangur í heild lakari en á landsvísu. Málnotkun var nokkuð jöfn yfir hópinn en lesskilningur fremur slakur. Í stærðfræði var þátturinn mælingar sem reyndir nemendum sérlega erfiður en aðrir þættir gengur betur. Tæknilegir örðugleikar settur neikvæðan svip á próftöku, einkum í íslenskuprófinu.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum funduðu umsjónarkennarar og deildarstjórar og lögðu drög að úrbótaáætlun, með breytingum/tilfærslu á stuðningi, eftir því sem þurfa þótti. Breyttar

áherslur í stærðfræði höfðu verið í 7. bekk. stuðningur var aukinn í desember og hélst óbreyttur út skólaárið.

Samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku voru lögð fyrir nemendur 9. bekkjar í mars. Fyrirlögn gekk vel. Framfarir nemenda eru töluverðar í öllum fögum, en þó lakari árangur í heild en á landsvísu. Nemendur eru næst meðaltali á landsvísu, í reikningi og aðgerðum og lesskilningi á ensku.

Deildarstjórar og umsjónarkennarar fóru yfir niðurstöðuna og lögðu línurnar varðandi framhaldið.

16. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

16.1 MARKMIÐ

Markmið ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Notast er við hæfniviðmið aðalnámskrár í mati á nemendum.

16.2 UPPBYGGING KENNSLUNNAR / KENNSLUÆÐFERÐIR

Í textílmennt var skapandi vinna höfð að leiðarljósi. Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Verkefnin eru útskýrð og nemendum er kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Hugmyndir eru gjarnan skoðaðar á skjá og nemendur vinna svo eftir verklýsingum sem gerðar hafa verið. Nemendur þurfa að skrifa nafn sitt uppá töflu svo allir fái aðstoð eftir þörfum. Rík áhersla er lögð á góða umgengni í stofu og frágang.

Árgöngum var skipt ýmist í 2. 3. eða 4. hópa þar sem 10-15 nemendur voru í hverjum hóp. Vetrinum var skipt í 8 lotur þar sem nemendur komu í 4 vikur í senn fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. 1. og 2. bekkur komu einu sinni í viku í 80 mínútur. 3. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 4. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 5, 6. og 7. bekkur komu tvisvar í viku í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur. 8.-10. bekkur komu einu sinni í viku í 120 mínútur. 9. og 10. bekkjarárgöngunum var blandað saman og voru tveir stráka hópar, einn stelpu hópur og einn blandaður. Í 7. bekk var hópnum kynjaskipt í einn stelpuhóp og tvo strákahópa Hóparnir voru að mestu leitir fínir en margir voru í hóp í 6.bekkjari.

16.3 NÁMSEFNI OG GÖGN

Stuðst er við kennslubækur um textílmennt, bækur og blöð með uppskriftum, ásamt ýmsum hugmyndum sem hægt er að finna á netinu t.d. pinterest. Verklýsingar með útskýringum eru gerðar í upphafi svo að nemendur geta unnið sjálfstætt eftir þeim. Verkfæri og áhöld textílmenntstofunnar eru notuð ásamt helstu textílefum s.s. léreft, ull og flís. Allir afgangar af textílefum eru endurunnir og verða t.d að troði í púða og bangsa.

- 1.bekkur gerir útsaumaða mynd, nota helst aftursting. Búa til einfalda möppu og sauma út uppbyggingatákn.
- 2. bekkur saumar einfalda handbrúðu nota aftursting, læra að krosssauma og gera lítil verkefni.
- 3. bekkur málar og saumar út mynd sem verður púði, þá læra þau nokkur útsaumsspor. Þau læra á saumavélar og notast þar við verkefni frá Sigrúnu Önnu Ólafsdóttir Leikniæfingar í vélsaumi.
- 4. bekkur hannar og saumar figúrur. Þau sjá teiknaða mynd verða að þrívíðum hlut og þar þjálfast þau mikið í vélsaum. Önnur smærri verkefni eru unnin eins og draumfangarar og vinabönd.

- 5. bekkur hannar og saumar bakpoka. Þau læra nokkrar aðferðir við skreytingu á textíl, læra á overlokkvél og þjálfast í að nota straujárn. Í seinni lotunni læra þau að fitja upp og prjóna.
- 6. bekkur hannar pennaveski. Það reynir mikið á sköpunargáfur, útsjónasemi og nákvæmni. Í lok lotunnar fá þau að prjóna eða sauma einfalda aukahluti eins og eyrnabönd.
- 7. bekkur saumar buxur.
- 8. bekkur krosssaumaði.
- 9. og 10. bekkur fengu að velja sér verkefni.
- Textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjámsdóttir

16.4 NÁMSMAT

Unnið var eftir hæfniviðmiðum aðalnámsskrá, Borgarnes útfærslu, ákveðið var að skipta alveg yfir í bókstafi þegar aðeins var liðið á veturinn. Það kom illa út fyrir mig þar sem ég var byrjuð á hæfnikortum með táknum fyrir marga nemendur og var ákveðið að halda áfram með þau hæfnikort og gefa þá lokaekunn í bókstöfum á vitnisburðarblað.

16.5 SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLA ÁRINU

Í október var tekin í gagnið ný textílmenntstofa, það tók smá tíma að koma öllu fyrir og strax var ljóst að í stofuna vantaði skúffur svo að nemendur ættu auðveldara með að komast í áhöld og efni. Ákveðið var að kaupa inn fjórar skúffueiningar í IKEA. Nemendur á unglingastigi fengu að púsla þessu saman og reyndi það á samvinnu og þrautseigju. Enn hefur ekki en verið settur upp skjávarpi í nýju stofuna en það hafði áhrif á kennsluna en notast var við fartölvu í staðinn. Mikil vinna var lögð í skipulag í stofunni og var sú vinna að mestu unnin af Margréti Skúladóttur.

Frá 16. mars og fram til 4. maí var textílmenntstofu lokað vegna sóttvarna. Eitthvað af verkefnum var unnið inn í bekkjarstofum þó mest á yngstastigi. Unglingstigið fékk send heimaverkefni sem unnin voru og skilað í tölvupósti. Það var rúmlega ein lota sem datt út og gerði námsmatið flóknara þar sem mörg hæfniviðmið voru ekki lögð fyrir hjá þeim hópum sem áttu að vera í stofunni. Ljóst er því að óhjákvæmilega var taktur námsgreinarinnar annar en lagt var upp með í upphafi skólaárs og námsmat litað af því.

17. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir kennari fór í árs námsleyfi og Margét Skúladóttir leysti hana af þennan vetur.

Allir árgangar í Grunnskólanum í Borgarnesi sóttu tíma í hönnun og smíði eða rétt rúmlega 300 nemendur. Þar sem kennslustofan var ekki tilbúin í upphafi skólaárs, þá var fyrsta lota hjá öllum árgöngum í samræmi við þá aðstöðu sem var til staðar, takmarkað hægt að nota af tólum og tækjum sem notast er við í smíði. Vinna nemenda snérist meira um vinnu/sköpun/hönnun án verkfæra. Farið var yfir orð og hugtök sem tengdust sköpun og hönnun og nemendur látnir ræða um þau og velta því fyrir sér hvað er meint með þeim og hvað þau þýða.

Á yngsta stigi 1.-4. bekk gera nemendur verkefni sem er skipulögð af kennara. Miðstig 5.-7. bekk er eitt verkefni skipulagt af kennara, síðan velja nemendur sér verkefni af sýnishornum eða úr möppu frá kennara. Unglingastig 8.-10. bekk hafa nemendur síðan mjög breitt og frjálst val á verkefnum, sem valin eru samt með hjálp kennara.

17.1 ÁRG./HÓPA SKIPTING OG VERKEFNI

1 bekkur, 24 nemendur, tveir hópar.

-Fyrri lota perla / pappa mósaik límt á pappakassa/ óskaskrín skreytt. Í lok lotunnar var farið í fjöruferð þar sem nemendur týndu óskasteina til að setja í kassann.

-Seinni lota, pússa smjörhníf úr við og krítatafla þar sem nemendur saga horn af viðarplötu með laufsög, pússa og mála.

2 bekkur, 36 nemendur, fjórir hópar.

-Fyrri lota mósaik/viður á pappakassa.

-Seinni lota, pússa og forma smjörhníf úr við og krítatafla þar sem nemendur saga út einföld form í viðarplötu með laufsög, pússa og mála.

3 bekkur, 21 nemandi, tveir hópar.

-Fyrri lota mósaik/viður á kassa.

-Seinni lota, pússa og forma smjörhníf úr við og krítatafla þar sem nemendur saga út form að eingin vali í viðar plötu með laufsög, pússa og mála.

4 bekkur, 30 nemendur, þrjú hópar.

-Fyrir lota mósaik/viður á kassi.

-Seinni lota, krítatafla þar sem nemendur saga út form að eigin vali í viðarplötu með laufsög, pússa og mála er verkefni sem allir gera síðan fá nemendur að velja verkefni eins og að gera bíla, hús, púsl og smjörhníf m.m.

5 bekkur, 26 nemendur, 3 hópar.

-Fyrir lota mósaik/gler/viðar físar á kassa/platta.

-Seinni lota Krítatafla þar sem nemendur saga út form að eingin vali í viðarplötu með laufsög, pússa og mála er verk sem allir gera. Síðan fá nemendur að velja verkefni eins og að gera bíla, hús, púsl og smjörhníf m.m.

6 bekkur, 36 nemendur, þrjú hópar.

-Fyrri lota mósaik/gler á kassa/box/platta.

-Seinni lota, nemendur þurfa að saga út form að eigin vali í viðarplötu með laufsög, pússa og mála. Hægt er að velja milli krítatöflu, spaða, skjöld, mynd með viðarramma. Síðan fá nemendur að velja verkefni eins og að gera bíla, hús, púsl og smjörhníf m.m.

7 bekkur, 30 nemendur, þrjú hópar og kynjaskipt.

-Fyrri lotu mósaik/gler lampa. Einnig fengu þeir sem áhuga höfðu á tækni að kynnst sphero BOLT og kennsluforritunum sem OSMO hafa uppá að bjóða.

-Seinni lota, nemendur þurfa að hanna, teikna hlut að eigin vali sem þarf að pússa, setja saman og mála. Hægt er að velja milli ýmissa verkefna eins og krítatöflu, spaða, skjöld, mynd með viðarramma. Síðan fá nemendur að velja verkefni eins og að gera bíla, hús, púsl, kistur, kassa og smjörhníf m.m. Einnig geta nemendur óskað eftir að gera saman verkefni 2-3, eins og kassabíl, sleða, ramp.

8 bekkur, 45 nemendur, fjórir hópar

-Fyrri lota, mósaik/gler lampa. Einnig fengu þeir sem áhuga höfðu á tækni að kynnst sphero BOLT og kennsluforritunum sem OSMO hafa uppá að bjóða.

-Seinni lota, nemendur þurfa að hanna, teikna hlut að eigin vali sem þarf að pússa, setja saman og mála, hægt er að velja milli ýmissa verkefna eins og krítatöflu, spaða, skjöld, mynd með viðarramma. Síðan fá nemendur að velja verkefni eins og að gera bíla, hús, púsl, kistur, kassa og smjörhníf m.m. Einnig geta nemendur óskað eftir að gera saman verkefni 2-3, eins og kassabíl, sleða, rampa.

9-10 bekkur , 52 nemendur, fjórir hópar.

-Fyrri lotamála/mósaik á lampa. Einnig fengu þeir sem áhuga höfðu á tækni að kynnst sphero BOLT og kennsluforritunum sem OSMO hafa uppá að bjóða.

-Seinni lota, nemendur þurfa að hanna, teikna hlut að eigin vali sem þarf að pússa, setja saman og mála, hægt er að velja milli ýmissa verkefna eins og krítatöflu, spaða, skjöld, mynd með viðarramma. Síðan fá nemendur að velja verkefni eins og að gera bíla, hús, púsl, kistur, kassa og smjörhníf m.m. Einnig geta nemendur óskað eftir að gera saman verkefni 2-3, eins og kassabíl, kistla og fleira.

Nemendur fengu einnig að prufa að hanna í ipad og notast við tæki eins og Bolt Sphero og Osmo.

17.2 KENNSLUHÆTTIR OG NÁMSMAT

Kennsla var skipulögð í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Gengið var út frá því að hver nemandi fengi að njóta sín og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat þar sem hægt var að meta t.d sjálfstæð vinnubrögð, vinnusemi þar sem nemendur þurfa að taka ábyrgð á eingin námi, hegðun og vinnusemi, sem og verkefnið sem unnið var að. Kennsluaðferðir eins og leiðsagnamat og símat.

17.3 SKIPULAG

Unnið er í 9-13 nemenda hópum og kemur hver hópur tvisvar á vetri. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að fara eftir fyrirmælum og í sjálfstæðum vinnubrögðum. Frá 16. mars og fram til 4. maí var smíðastofan lokuð vegna sóttvarna. Eitthvað af verkefnum var unnið inn í bekkjarstofum. Unglingastigið fékk send heimaverkefni sem unnin voru og skilað í tölvupósti. Það var rúmlega ein lota sem datt út og gerði námsmatið flóknara þar sem mörg hæfniviðmið voru ekki lögð fyrir hjá þeim hópum sem áttu að vera í stofunni. Ljóst er því að óhjákvæmilega var taktur námsgreinarinnar annar en lagt var upp með í upphafi skólaárs og námsmat litað af því.

17.4 VIÐBURÐIR

Þar sem veturinn var frekar óvenjulegur vegna húsakosta og covid 19 þá fóru flestir viðburðir úr skorðum. Árshátíð skólans sem átti að vera í mars var frestað sem og flestum viðburðum sem skólanum tengdust vegna covid 19

Margrét Skúladóttir

18. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekk. Nemendur er skipti í hópa eftir stærð árganga. Lagt var upp með að allir hópar væru fjórar vikur að hausti og fimm vikur að vori.

- 1. bekk er skipt í tvo hópa, 11 og 12 nemendur í hvorum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Stuðst er að hluta við námsefnið *Heimilisfræði 2 og Holt og gott*.
- 2. bekk er skipt í fjóra hópa, níu nemendur í þremur hópum og 10 í einum. Þau mæta einu sinni í viku í 80 mínútur í senn (10 mín fara í ávaxtastund. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 2*, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinlæti í eldhúsum.
- 3. bekk er skipt í tvo hópa, 10 nemendur í hvorum hópi. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 2 og 3*, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinæti í eldhúsinu og næringarfræði. Auk þess aukaefni frá kennara.
- 4. bekk er skipt í þrjá hópa, tveir hópar með 10 nemendum og einn með 9 nemendum. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mín í hvort sinn. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 3 og 4*. Þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinæti í eldhúsinu og næringarfræði.
- 5. bekk er skipt í þrjá hópa 10 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta einu sinni í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur á viku. Stuðst er við námsefnið *Gott og gagnlegt 1 og heimilisfræði 4*. Þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinæti í eldhúsinu og næringarfræði.
- 6. bekk er skipt í þrjá hópa, 13 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur. Stuðst er við námsefnið *Gott og gagnlegt*

2 en einnig er notaðar uppskriftir á netinu og verkefni frá kennara. Áherslur á þjóðlega rétti, umhverfisvitund í eldhúsinu og frágang.

- 7. bekk er kynjaskipt í þrjá hópa. Stúlkurnar voru 12 í hóp en drengjunum var skipt í tvo hópa, átta - níu nemendur í hóp. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 60 mínútur og einu sinni í 120 mínútur. Stuðst er við námsefnið *Gott og gagnlegt 3* en einnig er notaðar uppskriftir á netinu.
- 8. bekk er kynjaskipt í fjóra hópa, með 10, 11, 12, og 13 nemendum í hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Stuðst var við námsefni frá kennara og áhersla á þrif, næringarfræði og heimilislega rétti.
- 9. og 10. bekkur voru saman í fjórum hópum, kynjaskiptum og einum blönduðum hóp 13 í þremur hópum og 12 í einu. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Stuðst var við námsefni frá kennara og áhersla á þrif, næringarfræði og heimilislega rétti.
- Heimilisfræði kenndi Þórunn Kjartansdóttir

18.1 KENNSLUÆÐFERÐIR OG NÁMSMAT

Nemendur eru metnir eftir viðmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Verkefnum er hagað eftir getu nemenda hverju sinni með hvatningu að leiðarljósi, þannig þau geti lært að njóta þess að verða sjálfbjarga í eldhúsinu og notið þess að borða hollan og góðan með hreinlæti í fyrirrúmi. Áhersla var lögð á næringu, hollustu, matreiðslu og vinnubrögð matvæla, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla. Einnig var horft til virkni nemenda í tímum, sjálfstæði, vinnubrögð og frágang ásamt skriflegum verkefnum.

18.2 ÁHERSLUR

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér almennt hreinlæti, geti valið sér hollan mat, geti farið eftir einföldum uppskriftum, sagt frá helstu hættum í eldhúsi og tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Á miðstigi er lögð áhersla á að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um þrif og hreinlæti. Matreitt einfaldar og hollar uppskriftir og nýtt hráefnið sem best. Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum, greint frá helstu orsökum slysa og skilið einfaldar umbúðarmerkingar.

Á elsta stigi er lögð áhersla á að þau þjálfuðust í að skipuleggja vinnu sína í eldhúsinu við eldamennsku, bakstur og frágang og sjálfstæði í vinnubrögðum. Farið var yfir rétt fæðuval, góðar matarvenjur með hliðsjón af ráðleggingum Lýðheilsustöðvar. Á öllum stigum var lögð rík áhersla á snyrtimennsku bæði hvað varðar handþvott og frágang í eldhúsi þ.e. umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru.

18.3 SÉRSTÆÐAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU

Skólaárið byrjaði með öðrum hætti en hefðbundið er, þar sem nýja heimilisfræðistofan var ekki tilbúin fyrr en í lok október og aðstaðan sem notast var við var fram að því var vel komin til ára sinna og glímdi við meindýr. Töluverð vinna fór í það á haustdögum í að ganga þannig frá stofu að hægt væri að nýta hana og svo aftur fór töluverður tími að gangsetja nýju heimilisfræðistofuna. Óneitanlega hafði þetta áhrif á skipulag kennslu á einhverju leyti.

Frá 16. mars og fram til 4. maí var síðan engin heimilisfræði kennd í öllum skólanaum vegna sóttvarna, aðeins unglिंगastigið fékk send heimaverkefni sem vinna átti heima. Ljóst er því að óhjákvæmilega var taktur námsgreinarinnar annar en lagt var upp með í upphafi skólaárs og námsmat litað af því.

Pórunn Kjartansdóttir

19. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í myndmennti frá 1. til 10. bekk. Nemendum er skipt í hópa eftir stærð árganga. Lagt var upp með að allir hópar væru fjórar vikur að hausti og fimm vikur að vori.

- 1. bekk er skipt í tvo hópa, 11 og 12 nemendur í hvorum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Nemendur í 1. bekk kynnast hinum ýmsu áhöldum myndmenntar sem og fjölbreyttum efnivið við gerð myndverka og kynnist frumlitunum og geti nefnt þá og kynnist grunnformunum og geti nýtt hvort tveggja í mynduppbyggingu. Einnig er lögð áhersla á frágang og umgengni. Að nemendur kynnist góðum vinnubrögðum, geti farið eftir einföldum fyrirmælum og sýnt virðingu. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Myndverkin voru eftirfarandi: Mappa, ávaxtaskál, trjújuhestur, fiðrildamynd úr pasta. Skafmynd, grímuval, frumlita og grunnformabingó, grunnform og grunnlitir 2 myndverk.

- 2. bekk er skipt í fjóra hópa, níu nemendur í þremur hópum og 10 í einum Þau mæta einu sinni í viku í 80 mínútur í senn (10 mín fara í ávaxtastund). Nemendur kynnast hinum ýmsu áhöldum myndmenntar sem og fjölbreyttum efnivið við gerð myndverka og bæta við þekkingu frá því í 1. bekk. Nemendur kynnast mismunandi efnisgerð og sköpun. Að nemendur geti unnið með öðrum og sýnt þeim virðingu. Að nemendur geti talið upp frumlitina og blandað liti á einfaldan hátt. Að nemendur kynnist og þekki hugtakið mynduppbygging og þekki hugtakið áferð. Að nemendur kynnist muni á grunnformum og náttúrulegum formum Einnig er lögð áhersla á frágang og umgengni. Að nemendur kynnist góðum vinnubrögðum, geti farið eftir einföldum fyrirmælum og

sýnt virðingu. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa, mósaík blómavasi, dagblaðaköttur, fiðrildamynd, snjó Korn, risaeðla, fjölskyldan mín.

- 3. bekk er skipt í tvo hópa, 10 nemendur í hvorum hópi. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. Nemendur í 3. bekk í myndmennt þjálfast í að nota hin ýmsu áhöld myndmenntar sem og fjölbreyttum efnivið við gerð myndverka og bæta þar við þekkingu sína síðan í 2. bekk. Nemendur kynnast mismunandi efnisgerð og sköpun, geti unnið með öðrum og sýnt hvort öðru virðingu. Að nemendur geta talið upp frumlitina og blandað þá saman. Nemendur þekkja hugtökin mynduppbygging, áferð, hlutföll, grunnform og náttúruleg form. Að nemandi geti notað mismunandi aðferðir við vinnu sína og geti unnið skissur af hugmyndum sínum. Einnig er lögð áhersla á frágang, umgengni og virðingu. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa, vélmenni skissuteikning, vélmenni málað, borgin mín, djúpsjávarmynd með vasaljósi, trúðafjör skissumynd, trúðmynd á svartan grunn, pottablóm, kanínmynd með mynstri, límbandamálun, andlitsmynd vatnslitamáluð, brjálað hár, landslagsmynd

- 4. bekk er skipt í þrjá hópa, tveir hópar með 10 nemendum og einn með 9 nemendum. Þau mæta tvisvar í viku í 80 mín í hvort sinn. Nemendur í 4. bekk þjálfast við að nota hin ýmsu áhöld myndmenntar sem og fjölbreyttan efnivið við gerð myndverka bæta þar við þekkingu sína síðan í 3. bekk. Nemendur kynnast hugtökum er tengjast námsgreininni og mismunandi aðferðum við vinnu sína. Einnig er lögð áhersla á frágang og umgengni og sýna virðingu. Áhersla er lögð á vinnuferlið sem leið að niðurstöðu, útkomu og verki.

Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni við sköpun sína. Lögð er áhersla á innlögn, ígrundun, hugmyndaflæði, umræður og sköpun. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa, Afríka, dýrastenslamynd, tröll úr leir, mindcrafsskinn, djúpsjávarmynd með vasaljósi, hryllingshendi, tafl, nýsköpun, fígúra eða farartæki

- 5. bekk er skipt í þrjá hópa 10 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta einu sinni í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur á viku. Í 5. bekk er lögð áhersla á vinnuferlið í myndmennt sem leið að niðurstöðu, útkomu eða verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemendur kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemendur þjálfast í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að verki. Nemandi á að hagnýta leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu og greina á milli aðferða. Ásamt því að þekkja og nota hugtök og heiti sem tengjast greininni. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni frá kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa, sumarminning, vatnslitaæfing, vatnslita stensl dýramyndir, hrollvekjuhúsið, skuggamynd, dreki úr leir, pappamassasparibaukur, samstæðuspil, skósveinninn minn

- 6. bekk er skipt í þrjá hópa, 13 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur. Í 6. bekk er lögð áhersla á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu og verki. Nemendur nota bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemandi kynnist hugtökum, verkfærum og

ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemandi þjálfast í að að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og nota kveikju. Nemandur í 6. bekk þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi á að vinna hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Nemandi þjálfast á að byggja listsköpun sína á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Nemandi þjálfist í að nýta sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Hagnýt leikni í einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa, sumarminning, hundur eða köttur, legókarl, blómavasi, klukka, úlfur, vatnslitaæfing, vatnslitaæfing #2, vatnslitaverk, vangamynd, abstrakt.

- 7. bekk er kynjaskipt í þrjá hópa. Stúlkurnar voru 12 í hóp en drengjunum var skipt í tvo hópa, 8-9 nemendur í hóp. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 60 mínútur og einu sinni í 120 mínútur. Í 7. bekk er lögð áhersla á vinnuferlið allt sem leið að niðurstöðu, útkomu, verki. Nemandi notar bæði hefðbundin sem og endurvinnanleg efni. Lagt er upp með að nemandi kynnist hugtökum, verkfærum og ýmsum hugmyndum sem nýta má í listsköpun. Nemandi þjálfast í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og notað kveikju. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Nemandi á að vinna hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Nemandi þjálfast á að byggja listsköpun sína á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Nemandi þjálfist í að útskýra og sýna vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar og geri grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast námsgreininni og þjálfist í að beita helstu tækni hennar. Nemandi þjálfist í að nýta sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Hagnýtt leikni í

einföld verkefni sem byggja á meðferð lita, formfræði og mynduppbyggingu. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Mappa, borgarmynd, kynning á listamanni- Leonardo de Vinci, Móna Lísu, mylla úr leir, geimveran mín, fótboltamynd, hlutateikning, stop motion, mylluumbúðir, tie die aukaverkefni (stelpur).

8. bekk er kynjaskipt í fjóra hópum, með 10, 11, 12, og 13 nemendum í hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Nemendur í 8. bekk þjálfist í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju. Nemandi þjálfist í að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m. a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágagn á vinnusvæði sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Blönduð tækni ég, hestur, frjáls myndgerð með ýmsum útfærslum frá hugmynd til lokaafurðar, spilahönnun.

- 9. og 10. bekkur voru saman í fjórum hópum, kynjaskiptum og einum blönduðum hóp 13 í þremur hópum og 12 í einu. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Nemendur í 9. – 10. bekk þjálfist í að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og kveikju.

Nemandi þjálfist í að skrásetja og setja fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og eða rannsókn, myndrænt og eða í texta. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geti greint frá mismunandi nálgun við vinnuna. Nemandi þjálfist við að sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m. a í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal. Nemandi þjálfist í að tjá sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir. Nemandi þjálfist í að gagnrýna af þekkingu, sanngirni og virðingu við eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Nemandi þjálfist jafnframt í frumkvæði í umgengni og frágangi sem og að skipuleggja vinnu sína með sjálfbærni í huga. Einnig er lögð áhersla á góð samskipti, frágang og umgengni. Notast var við verkefni kennara sem tók mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Verkefnin voru eftirfarandi: Skissugerð og vatnslitamálun, skórnir mínir, frjáls myndgerð með ýmsum útfærslum frá hugmynd að lokaafurð, collage mynd, kynning og brúarsmíðaáskorun ,rússibani í hópavinnu.

19.1 KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT:

Kennsluaðferðir eru margvíslegar og tekur mið af hverjum nemenda og verkefni fyrir sig. Helst ber að nefna einstaklingskennsla, tilraunir hverskonar, sýnikennsla og sjónrænar kveikjur, umræðu og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnræna hugsun. Gefin er umsögn við lok skólavetrar samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár í myndmennt (sjónlistum). Hæfniviðmið úr námskrá skólans eru metin með bókstöfum.

19.2 SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR Á SKÓLAÁRINU

Skólaárið 2019-2020 byrjaði með öðrum hætti en hefðbundið er, þar sem nýja myndmenntastofan var ekki tilbúin fyrr en 1. október 2019. Því var myndmennt kennd í hefðbundnum skólastofum nemenda fram til 1. október. Kennari ferðaðist með verkfæri og gögn á milli kennslustofa á því tímabili. Nýja myndmenntastofan var tekin í notkun 2. október 2019 við mikinn fögnuð kennara og nemenda. Frá 16. mars og fram til 4. maí urðu aðrar áherslur í skólastarfi skólaársins þar sem Covid 19 veiran lagði heiminn að fótum sér og þurfti að haga skólastarfi samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalaga. Aðeins unglिंगastigið fékk send heimaverkefni í myndmennt sem átti að vinna heima. Ljóst er að þetta hefur haft áhrif á hefðbundið skólastarf í faggreininni en upphaflega var lagt upp í byrjun skólaársins og er námsmat litað af því.

20. VAL

Með valgreinum er átt við að nemendum er gefinn kostur á að leggja stund á aðrar námsgreinar eða námsþætti en tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla eða dýpka þekkingu sína og færni í ákveðnum skyldunámsgreinum.

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Mætingarskylda er í valgreinar jafnt og í öðrum greinum.

Val á yngsta stigi hafði ekki fastan tíma í stundaskrá þennan veturinn. Umsjónarkennarar sinntu því hver fyrir sig inni í bekk.

Á fimmtudögum voru tvær kennslustundir á miðstigi helgaðar vali þar sem nemendur í 5. – 7. bekk völdu viðfangsefni þvert á bekki. Þá blönduðust nemendur í hópa eftir áhuga þar sem fengist var við skapandi og spennandi viðfangsefni.

Valið skiptist í fjórar lotur yfir veturinn, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót, sjö námskeið í hverri lotu. Boltaval og skák var í öllum lotum en auk þess var boðið uppá kortagerð, leir, spilaval, tilraunir í eldhúsinu og útileiki í fyrstu lotu. Í lotu tvö var það forritun, föndur-crazy quilt, jólaföndur og piparkökuskreytingar, skuggaleikhús og smákökubakstur. Eftir áramót í lotu þrjú var að auki boðið uppá eftirréttanámskeið, Erasmus stærðfræðiverkefni, myndlist, osmo- sphero og spilaval. Í lotu fjögur var það síðan hnúta og útivistarvenjur, osmo-sphero, kökuskreytingar, nýsköpun og húfuprjón. Í upphafi fengu nemendur kynningu á þeim valgreinum sem voru í boði og fengu síðan valblað þar sem þeir gátu valið sér þau námskeið sem þeir höfðu hug á og var raðað í hópa eftir því vali. Kennsla var í höndum list- og verkgreinakennara skólans ásamt kennurum af miðstigi.

Valgreinar í unglिंगadeild eru hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla.

Nemendur fengu í upphafi senda rafræna kynningu á þeim námskeiðum sem í boði voru og völdu síðan einnig rafrænt og var raðað í hópa eftir því vali þvert á bekki.

Val í unglिंगadeild var með tvennum hætti annars vegar fór fram val á miðvikudögum sem var ein og hálf kennslustund. Valið skiptist í fjórar lotur yfir veturinn, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót, sjö námskeið í hverri lotu. Knapamerkið, skák og skólahreysti var í öllum lotum. Auk þess var boðið uppá boltafræði, macrame hnýtingar, lön og spilaval í lotu eitt. Í lotu tvö var það enski boltinn, gamalt verður nýtt, íslenskar bíómyndir og húfuprjón. Eftir áramót í lotu þrjú var boðið uppá íslenskan körfubolta, bókagerð, spil og leiki og lön og í lotu fjögur var það Evrópski boltinn, Harry Potter verksmiðja, undirbúningur fyrir bílpróf og hekl. Kennsla í vali var í höndum kennara skólans nema í knapamerkinu en það er samstarfsverkefni hestamannafélagsins Skugga og skólans og í lön sem er

samstarfsverkefni fyrirtækja í bænum og skólans.

Val fór einnig fram á smiðjuhelgi. En þá eru nemendur einum tíma skemur á viku í skólanum en viðmið gera ráð fyrir og í staðinn unnu þeir með þessum hætti eina helgi á önn. Til stóð að halda smiðjurnar tvisvar sinnum á skólaárinu, fyrir og eftir áramót en vegna Covid féll seinni smiðjuhelgin niður.

Smiðjuhelgin var 4. - 5. október og mættu nemendur í skólann og unnu í smiðjum frá 14.30 á föstudegi til kl. 18:30 og síðan kl. 8:30 á laugardegi til 14:30. Þær smiðjur sem boðið var uppá voru Dungeons and dragons – hlutverkaspil, myndlist – akrýlmálun, neglur og förðun, taekwondo, street dans og útivist og fjallganga. Street dans féll niður vegna ónógrar þátttöku. Tilgangur smiðjanna er að mæta vali fyrir unglingana með öðrum hætti en almennt tíðkast og gefa þeim kost á að hafa meira um val sitt að segja ásamt því að auka fjölbreytni. Kennsla var almennt í höndum utan að komandi aðila en þó eru kennarar innan skólans sem kenna stöku námskeið í smiðjum.

Þeir nemendur sem sátu í stjórn Nemendafélagsins eða störfuðu sem tæknimenn gátu sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku. Þeir sem stunduðu afreksíþróttir voru í tónlistarskóla eða stunduðu nám í MB eða öðrum framhaldsskóla gátu einnig sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku.

Vegna Covid 19 féllu valgreinar alfarið niður á meðan á skert skólahald stóð yfir.

Kristín M. Valgarðsdóttir

21. VETTvangsferðir Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

Vettvangsferðir eru m.a. leið skólans til að tengja námið veruleikanum utan skólastofunnar og færa þannig bóklegt nám nær reynsluheimi nemandans hverju sinni. Listinn hér að neðan eru þær vettvangsferðir sem farið var í.

- **1. bekkur:**
Sveitaferð.
Leikskólaheimsóknir að hausti
- **2. bekkur:**
Heimsókn á Landnámssetrið.
- **3. bekkur:**
Fjöruferð eða fjallaferð.
- **4. bekkur:**
Hvanneyri - Ullarsel og búvélasafn að vori.
Börn í 100 ár, baðstofa.
Innanbæjarferð.
- **5. bekkur:**
Þjóðminjasafn
- **6. bekkur:**
Snorrastofa.
Heimsókn á Landnámssetrið.
- **7. bekkur:**
Námsferð að Reykjum.
Sigling um sundin blá um Faxaflóa
- **8. bekkur:**
Skíðaferð.

- **9. bekkur:**

Skólabúðirnar að Laugarvatni. Skólastjóri og umsjónarkennari sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Hernámssetrið skoðað í tengslum við stríðsárin.

- **10. bekkur:**

Þriggja daga skólaferðalag.

10. bekkur fer í dagsferð til Reykjavíkur að hausti.

22. NEMENDAFÉLAG - FÉLAGSSTARF

Stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi, sem skipuð er nemendum úr 8.- 10. bekk, skipuleggur í samstarfi við skólastjórnendur félagsstörf nemenda og sér um framkvæmd þeirra ásamt því að vera ráðgjafi skólastjórnenda um ýmis málefni. Nemendaráð semur starfsáætlun þar sem allir félagsmenn eiga að finna eitthvað við sitt hæfi og skal sjá til þess að upplýsingar um félagsstarfið séu vel kynntar öllum er málið varðar.

Nemendur úr NFGB eiga fulltrúa í Húsráði Óðals sem skipað er fulltrúum úr skólum sveitarfélagsins. Húsráð Óðals sér um allt skipulag sem fellur undir starf er tengist félagsmiðstöð,

Aðalstjórn NFGB fundar að jafnaði einu sinni í viku með deildarstjóra og sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Minna var þó um viðburði á þessu skólaári en oft áður því eins og gefur að skila hafði Covid áhrif á starfið hjá okkur líkt og öðrum. NFGB stóð fyrir hrekkjavökuballi fyrir nemendur á yngsta- og mið stigi og nemendur og jólaútvarpuð var á sínum stað. Einnig stóð nemendafélagið fyrir því að keyptar voru skólapeysur á nemendur á unglingsstigi og styrkti kaup á þeim. Fjárfest vara í góðri vídeó vél sem nýta má við upptökur á viðburðum í skólanum

og í námi. Hætt var rekstri sjoppu, sem hefur verið fastur liður í starfi félagsins, þar sem nú er komið fullbúið mótuneyti við skólann og því ekki talin þörf á því.

Hlutverk tæknimanna er nokkuð stórt þar sem þeir koma að tæknimálum við ýmsar upptökur sem haldnar eru í skólanum t.d. árshátíð, skólaslit, fyrirlestra og aðra þá viðburði sem eru haldnir auk þess sem aðrir stjórnarmenn aðstoða þá við undirbúning og frágang.

Eitt stærsta verkefni NFGB er jólaútlit skólans sem sendir út eina viku í byrjun desember. Nemendur og bekkir semja og undirbúa útlit þætti að hluta til á skólatíma undir stjórn kennara. Þættir yngstu nemendanna eru teknir upp fyrir fram en nemendur í eldri deild eru almennt í beinni útsendingu. Allt utanumhald tæknimála, söfnun auglýsinga og fleira er í höndum stjórnar NFGB. Jólaútlitið er ein helsta tekjuöflun félagsins og fara fjármunir sem safnast vegna auglýsinga í sjóð. Útsendingar gengu nokkuð vel þetta árið þó svo að veðrið setti aðeins strik í reikninginn og þurfti að stytta útsendingu einn daginn vegna veðurofsa svo nemendur kæmst heim til sín.

Hagnaði af starfsemi félagsins er síðan varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna þeirra viðburða og verkefna sem NFGB stendur fyrir, ásamt því að styrkja ferðir félagsmanna á skólaárinu.

Stjórn NFGB skólaárið 2019 – 2020 skipuðu:

Elinóra Ýr Kristjánsdóttir formaður,

Elfa Dögg Magnúsdóttir varaformaður,

Elín Björk Sigurþórsdóttir gjaldkeri,

Edda María Jónsdóttir ritari

Valborg Elva Bragadóttir meðstjórnandi.

Tæknistjórar Jónas Bjarki Reynisson og Örn Einarsson.

Lög og starfsreglur NFGB má finna á heimasíðu skólans.

<http://grunnborg.is/nemendur/starfsreglur-nemendafelagsins-nfgb/>

Kristín M. Valgarðsdóttir

23. ÞRÓUNARVERKEFNI

23.1 LESTUR

Við leggjum alltaf áherslu á lestur í skólanum hjá okkur og ekki síst heimalestur og skráningu á lestri sem við erum með í öllum árgöngum skólans. Unnið er eftir ákveðnum verkferlum ef heimalestri er ekki sinnt sem skyldi og til að veita foreldrum aðhald við að láta börnin lesa heima. Umsjónarkennari og /eða íslenskukennari halda utan um þá skráningu.

Í ágúst var kynningarfundur fyrir kennara í 3.-7.bekk um efni tengt lesskilningi og nýttu nokkrir kennarar sér það efni til áframhaldandi vinnu. Á yngsta stigi er Byrjendalæsi sem er samvirk kennsluaðferð ætluð til læsiskennslu barna. Læsisfulltrúinn hélt tvo fundi á skólaárinu með kennurum á því stigi varðandi Byrjendalæsi. Flestir kennarar á því stigi hafa lokið Byrjendalæsisnámskeiði.

Á haustönn var haldið hraðlestrarnámskeið á yngsta og miðstigi. Átakið byggir á því að nemendur fá hefti heim með textum sem þeir eiga að lesa. Að loknum lestri vinna þeir tengd verkefni í verkefnaheftinu. Nemendur fá texta allt eftir því hvar þeir eru staddir í leshraða út frá lesfimi viðmiðum MMS. Þeim er raðað út frá lesfimi prófunum í september þannig að nemendur í sama árgangi eru ekki endilega með sama prófið. Markmiðið með átakanu er að efla lesfimi nemenda og auka lesskilning. Sýnt er að góð lesfimi styður við lesskilning á meðan slök lesfimi getur dregið úr lesskilningi.

Á vorönn var annað átakt sem var svipað uppbyggt og hið fyrra þ.e. nemendur fengu hefti heim með textum sem þeir áttu að lesa og unnu þá tengd verkefni í verkefnaheftinu. Að þessu sinni var megináherslan lögð á lesskilning sem er mikilvægur í öllu námi og í raun í lífinu sjálfu þar sem við þurfum sífellt að lesa okkur til gagns og gamans.

Mikill metnaður er hjá kennurum að auka lestrarfærni nemenda sinna enda hafa nemendur tekið miklum framförum í leshraða í vetur. Lögð eru fyrir lesfimi próf MMS í

öllum árgöngum til að mæla lesfimi og stuðst við þau viðmið sem þar eru gefin út. Einnig er Orðarún lögð fyrir í 3. til 8. bekk til að kanna lesskilning nemenda.

Kristín M Valgarðsdóttir

23.2 SÍMENNTUN

Almennt er endurmenntun áætlaður tími utan skipulagðs starfsramma skólaársins þ.e. 15. júní – 15. ágúst og er alls 150 klst. Hún má þó einnig fara fram á starfstíma skóla og er þá háð samkomulagi við viðkomandi kennara. Ef endurmenntun er flutt á starfstíma skóla reiknast 33 % álag á virkum dögum en 45 % um helgar og fækkar þá tímum í samræmi við það. Þetta þýðir að 1 klst. er 1,33 á starfstíma skóla, því gengur kennarinn hraðar á þá tíma sem varið er í endurmenntun á starfstíma skóla en utan hans.

Hvað telst til endurmenntunar:

- Hvers kyns formlegt nám í viðurkenndum menntastofnunum
- Námskeið sem standa einn dag eða lengur, þar sem með skipulegum hætti er miðlað fræðslu og upplýsingum er snertir afmarkaða þætti.
- Styttri fræðslufundir þar sem ákveðnum upplýsingum og fræðslu er komið á framfæri
- Styttri eða lengri kynnisferðir starfsmanna þar sem horft er til umbóta og þróunar á ákveðnu sviði.
- Lesefni sem kennarar kynna sér ákveðna þætti.

Endurmenntun starfsmanna má í stórum dráttum skipta í tvennt:

- Endurmenntunarverkefni, ákvörðuð af skólastjórnendum og í samræmi við áherslur í þróun skólastarfsins á hverjum tíma. Markhópurinn getur verið allir starfsmenn, allir kennarar eða minni hópar starfsmanna, eftir eðli málsin.
- Endurmenntun sótt af einstökum starfsmönnum, samkvæmt eigin óskum og / eða í samráði við skólastjórnendur.

Starfsfólk Grunnskólans í Borgarnesi sótti eftirfarandi námskeið á skólaárinu 2019-2020:

- Verkefnakistan – námskeið á vegum KVAN.
- Uppeldi til ábyrgðar
- Byrjendalæsi
- Stærðfræði leiðtogi
- Menntabúðir Vesturlands
- Skólaþróun – Teymiskennsla

23.3 HEILSUEFLANDI SKÓLI

Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvægir í skólastarfi. Grunnskólinn í Borgarnesi tekur þátt í verkefninu heilsueflandi grunnskóli á vegum Landlæknisembættisins. Verkefnið gengur út á að fræða alla í skólasamfélaginu um heilsusamlega lífshætti, líkamlega og andlega heilsu. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Til að stuðla að góðri heilsu þarf, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda. Nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og öðlist skilning á því að heilbriggt lífverni stuðli að almennri velferð. Í vetur var áherslan á geðrækt og eflingu sjálfsmýndar. Við skólann starfar velferðarkennari í 80% stöðu sem vinnur að geðrækt. Hver bekkur á einn bekkjartíma á viku og er það val nemenda að mæta og fara í slökun eða hugleiðslu. Fyrir starfsfólk er boðið upp á slökun á hverjum degi. Foreldrar geta óskað eftir því við deildarstjóra sérkennslu að fá einstaklingstíma fyrir barnið sitt og eru það fimm skiptir fyrir hvert barn. Þá er unnið með styrkleika og fleira í þeim dúr.

Á haustönn tókum við þátt í *Göngum í skólann*, þeir sem það gátu og Norræna skólahlaupinu. Á vorönn tókum við þátt í Lífshlaupinu einnig sem við tókum fyrir ákveðið geðræktarverkefni á hverju stigi. Á yngsta stigi var tekin fyrir tannverndarvika, miðstigið tók fyrir dag líkamsvirðingar og elsta stigið tók fyrir dag svefnisins. 7. – 9. bekkur tók einnig þátt í Tóbakslaus bekkur.

23.4 GRÆNFÁNI

Umhverfisnefnd skipuð tveimur fulltrúum úr hverjum árgangi skólans auk nokkurra starfsmanna. Í vetur var unnið áfram eftir skrefunum 7 í átt að flagga Grænfánanum í 8. sinn. Nemendur settu sér markmið sem beina að því að minnka úrgang og sóun. Starfmaður frá Landvernd kom í alla bekkir og fjallaði um viðfangsefnið og út frá því gerðu nemendur leiðbeiningar sem unnið var eftir. Í maí var umhverfisvika þar sem allir bekkir unnu verkefni þessu tengdu. Skólinn var tekin út í maí 2020 og fékk góða umsögn. Skólinn mun flagga Grænfánanum haustið 2020 í 8. sinn.

Meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og að styrkja sjálfsmynd. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð frekar en blinda hlýðni. Litið er svo á að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji hegða sér vel. Hins vegar hafi börn ekki þann hæfileika í byrjun að geta metið hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á aðra. Það er hlutverk hinna fullorðnu að kenna þeim að öðlast þann skilning í gegnum samskipti þeirra við aðra. Fullorðnir eru því mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna.

23.5 UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

Uppeldi til ábyrgðar hefur fest sig í sessi í Grunnskólanum í Borgarnesi. Í öllum árgöngum eru bekkjarsáttmálar gerðir og nýttir yfir skólaárið til að á rétta samkomulag um samskipti og vinnubrögð sem nemendur og kennarar árgangsins gera með sér og er skráð í bekkjarsáttmála. Auk þess hefur verið unnið með verkfæri UTÁ á ýmsan hátt í skólanum.

Sífelld fleiri starfsmenn tileinka sér orðræðu Uppeldis til ábyrgðar í samskiptum við nemendur.

Það er grunnurinn að góðu gengi og liður í því að skapa góðan skólabrag.

Við upphaf skóla var námskeið fyrir nýja starfsmenn og þá sem vildu auka þekkingu sína. Það voru Sæbjörg Kristmannsdóttir og Halldóra Rósa Björnsdóttir sem stýrðu því. Þær höfðu farið á leiðbeinandanámskeið þá um veturinn. Nýir kennarar fengu bækling þar sem tilgreint er hvað á

að gera í Uppbyggingunni yfir veturinn. Þá verður námskeið fyrir nýtt starfsfólk í upphafi næsta skólaárs.

Keyptar voru flettistöflum – Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga. Allir umsjónarkennarar fengu flettistöflu til að hafa í stofunum sínum.

Fyrsta vika skólaársins var lögð undir Uppeldi til ábyrgðar og bæklingarnir hafðir til hliðsjónar.

Unglingastigið vann saman og gerði sameiginlegan sáttmála um samskipti.

Sæbjörg hélt kynningarfund fyrir starfsfólk Frístundar.

Í vetur hefur Sæbjörg stýrt leshringjum. Lesin var bókin Sterk saman eftir Diane Gossen.

Þátttakendur voru 13 í þremur hópum. Þetta var blandaður hópur fólks, kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Þeir voru mjög ánægðir með framtakið og stefnt er að því að halda því áfram.

Í uppbyggingateyminu voru Birna Hlín Guðjónsdóttir, Bjarni Bachmann og Sæbjörg Kristmannsdóttir sem starfaði stuttlega eftir áramótin. Covid 19 og framkvæmdir við skólann gerðu það að verkum að teymið starfaði lítið. Stefnt er að því að það verði virkara á næsta skólaári.

24. BÓKASAFN

24.1 ALMENN STARFSEMI

Safnið er opið frá 8.15 – 16.00 nema á föstudögum, þá er opið til 14.00. Afgreiðslutími fyrir nemendur er frá 8.15 – 14.00 alla virka daga.

Skráðir lánþegar eru 373, nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn. Skráð útlán á skólaárinu 2019 – 2020 voru rúmlega átta þúsund.

Millisafnalán: safnið hefur fengið bækur frá Héraðsbókasafninu Borgarfjarðar, Grunnskóla Borgarfjarðar, Grundaskóla og Brekkubæjarskóla á Akranesi. Einnig hefur safnið lánað bækur og gögn; einkum til Brekkubæjarskóla á Akranesi, Laugagerðisskóla og Grunnskóla Borgarfjarðar.

Aðstoð við heimildaöflun er alltaf nokkur, bæði við nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að auka sjálfstæði nemenda í sambandi við heimildavinnu; að kenna þeim leitaraðferðir og að leggja mat á heimildir, ekki síst rafrænar.

Innkaup, tenging í Gegni og grisjun eru fastir liðir í starfsemi safnsins sem og frágangur (plöstun og viðgerðir) safnkostsins.

Nemendur koma á safnið til þess notfæra sér safnkostinn við upplýsingaöflun og lestur.

Nemendur koma á safnið til þess að skoða bækur og lesa – og stundum til að hvíla sig frá amstri dagsins. Nemendur koma á safnið og vinna eða leysa verkefni, einir eða í minni hópum.

Kennarar koma með minni hópa til verkefnavinnu eða lestrar. Bekkir á yngsta stigi eiga fasta tíma á safninu. Safnstjóri annast ýmiss konar fræðslu og/eða kennslu fyrir nemendur.

Skólasafnið á facebook síðu. Hlutverk hennar er að greina frá helstu þáttum í starfi skólasafnsins sem og viðburðum á vegum þess. Safnstjóri sér um síðuna.

24.2 STARFSMENN

Upplýsingafræðingur og kennari (safnstjóri) gegnir 60% starfi á safninu. Viðvera safnstjóra er að mestu bundin og fellur undirbúningur fræðslu/kennslu á bókasafni undir hana ásamt mætingu á starfsmanna- og kennarafundi. Safnstjóri sinnir skráningu nýrra bóka og bókakaupum.

Bókavörður er í 50% stöðuhlutfalli. Starf bókavarðar felst í almennri afgreiðslu, frágangi (plöstun) og viðgerðum á bókum og öðrum gögnum.

24.3 FRÆÐSLA

Föst kennsla er ekki á dagskrá skólasafnsins. Á skólaárinu fengu 3. og 4. bekkur nokkurra vikna námskeið á safninu þar sem farið var yfir námsefnið Mýsla sýslar á skólasafni og Meira sýslað á skólasafni. Nemendur 5., 6. og 7. bekkja komu einnig nokkrum sinnum og unnu sérstaklega að verkefnum tengdum skólasafninu.

2. bekkur kom í sögustundir og fræddist um Egil Skalla-Grímsson og sögu hans.

1. og 2. bekkur hafa átt fastan vikulegan tíma á safninu á skólaárinu, svokallaða næðisstund. Nemendur koma þá í fylgd skólaliða og fá aðstoð við bókaval og annað er tengist safninu og dunda sér síðan við að lesa, spila, púsla o.s.frv. Nemendur 3. og 4. bekkja áttu einnig fastan vikulegan tíma til þess að endurnýja útlán sín en voru engu að síður velkomnir eftir hentugleikum.

24.4 ENDURMENNTUN

Regluleg endurmenntun felst í að sækja námskeið Landskerfis bókasafna og í þátttöku í viðburðum og samvinnu við Upplýsingu, félag upplýsingafræðinga eftir því sem tilefni gefast. Fjórir fræðslufundir Félags fagfólks á skólasöfnum voru haldnir á starfsárinu; á skólasöfnum á stór Reykjavíkursvæðinu. Auk kynninga á viðkomandi söfnum er margvíslegt efni er tengist starfi skólasafna kynnt og eða/tekið fyrir á fræðslufundum. Þá sat safnstjóri Gerðubergsráðstefnuna þann 7. mars en hún bar að þessu sinni yfirskriftina „Vá – Bækur, lesendur þeirra og allt hið voðalega í heiminum (að ráðstefnunni standa nokkur félög sem koma á einhvern hátt að barna- og unglingabókum; IBBY á Íslandi, Borgarbókasafnið, Rithöfundasamband Íslands, Félag fagfólks á skólasöfnum, Upplýsing og Menningarmiðstöðin Gerðuberg).

Þá má telja lestur bóka fyrir börn og ungmenni til endurmenntunar.

24.5 AÐFÖNG / AÐFANGASTEFNA

Aðföng er yfirheiti yfir safnkost og aðfangastefna er tæki til uppbyggingar safnkosts. Í henni kemur fram hvert hlutverk safnkostsins og innihald á að vera miðað við þjónustu við viðskiptavini safnsins.

Öll aðföng ganga í gengnum ákveðna hringrás. Fyrst er tekin ákvörðun um hvort aðfangið henti safnkostinum. Að því loknu er aðfangið keypt, skráð, merkt og plastað og komið fyrir í hillu. Þá tekur við tímabil þar sem aðfangið er í notkun og eftir hana raðað aftur á réttan stað. Þessi hringur getur endurtekið sig mörgum sinnum, hugsanlega með viðkomu í viðgerð ef þörf krefur.

Aðfangastefna þjónar sem hjálpartæki við efnisval og fjárhagsáætlun. Hún er höfð til hliðsjónar við aðrar hliðar aðfangamála svo sem gjafir og grisjun.

24.6 INNKAUP OG EFNISVAL

Megináhersla er lögð á að kaupa vandaðar bókmenntir og fjölbreyttan fróðleik (vísindi, náttúrufræði, íþróttir, uppfléttirit o.s.frv.) fyrir börn og unglunga. Gjarnan er leitað fanga á bókamörkuðum útgefenda varðandi bækur sem gefnar hafa verið út á síðustu árum og þurfa endurnýjunar við á safninu. Eins mikið er keypt af nýútkomnum bókum og kostur er. Þá hefur nokkuð verið keypt af barna- og ungmennabókum á pólsku og áhersla lögð á að endurnýja bókakost á ensku.

Safnstjóri leggur áherslu á að safna íslenskum skáldsögum, ævisögum og ljóðum án mikils tilkostnaðar. Vel útlítandi og góðar bækur hafa fengist í þennan flokk á nytjamörkuðum og einnig hafa safninu borist bækur að gjöf frá ýmsum einstaklingum.

24.7 GRISJUN

Grisjun felur í sér að fjarlægja efni sem ekki hentar safnkostinum og stefnu safnsins. Tilgangur hennar er að nýta plássið vel, spara tíma starfsfólks og notenda, halda safninu aðlaðandi og snyrtilegu, bæta yfirsýn yfir safnkostinn og gefa mynd af styrkleikum hans og veikleikum.

Reglulega er grisjað og er þá tekin ákvörðun um hvort aðföng henti enn safninu meðal annars með tilliti til notkunar og ástands. Bækur sem ekki hafa verið lánaðar út um árábil eru afskrifaðar, illa farnar bækur, rifnar og skítugar eru afskrifaðar, bækur sem innihalda efni sem annaðhvort er óviðeigandi eða hentar ekki grunnskólabörnum eru afskrifaðar, árgangar tímarita sem eru eldri en fimm ára eru afskrifaðir.

Safnkosturinn hefur verið grisjaður verulega undanfarin ár, úreltar bækur og ónýtar hafa verið afskrifaðar og gömlum myndböndum fargað.

24.8 GJAFIR

Gjafir sem þjóna þörfum bókasafnsins eru vel þegnar. Ekki er tekið við gjöfum ef þeim fylgja hömlur eða skilyrði.

Starfsmenn sem ferðast til útlanda færa safninu gjarnan erlendar bækur við heimkomu. Með þeim hætti má segja að bæði enskur og pólskur safnkostur hafi aukist nokkuð.

24.9 AÐVENTA

Á aðventu tóku nemendur að vanda á þátt í að velja nýjar bækur til að kaupa á safnið. Valið fór þannig fram að hver nemandi fékk að velja einn titil (úr Bókatíðindum) sem hann vildi að til yrði á safninu. Nafn eins þátttakanda af hverju stigi var síðan dregið út og fengu þeir bækurnar sem þeir völdu að gjöf á litlu jólunum. Við ákvarðanir um bókakaup (þ.e. fjölda eintaka af hverjum titli) var svo vitaskuld tekið mið af vinsældum bókanna meðal nemenda.

Á aðventu var lögð sérstök áhersla á efni tengt jólum og því stillt sérstaklega upp til þess að auðvelda nemendum og kennurum að verða sér úti um það.

Safnstjóri sá um kynningar á nýútkomnum bókum í öllum bekkjum, las úr þeim og ræddi efni þeirra við hópa nemenda.

24.10 HEIMSÓKNIR

Heimsóknir rithöfunda í skólann eru yfirleitt í tengslum við jólabókaflóðið svokallaða. Á skólaárinu fengum við 6 slíkar heimsóknir. Sé tekið mið af texta Rithöfundasambandsins ber að greiða 35.000 krónur fyrir hálf tíma upplestur og spjall í skóla. Þeir höfundar sem hér eru nefndir tóku umtalsvert minna eða alls ekkert fyrir heimsóknina að þessu sinni. Heimsóknir rithöfunda mælast afar vel fyrir hjá nemendum og hafa greinileg lestrarhvetjandi áhrif. Því væri æskilegt að ætla ákveðna upphæð í þennan lið þegar fjármagni er úthlutað til skólasafns.

Hjalti Halldórsson kom í heimsókn í nóvember. Hann las úr bók sinni Ys og þys út af öllu fyrir nemendur 5. – 7. bekkja.

Sigrún Elíasdóttir kom í byrjun desember og las úr bók sinni Leitinn að vorinu fyrir nemendur á mið- og unglingastigi.

Arndís Þórarinsdóttir var í för með Sigrúnu og las hún úr bók sinni Nærbuxnanjósnaðarnir fyrir nemendur á miðstigi.

Árni Árnason kom í byrjun nóvember og las úr bók sinni Friðbergur forseti fyrir nemendur á miðstigi.

Ævar Þór Benediktsson kom í heimsókn í skólann um miðjan desember og las úr bók sinni Þinn eigin tölvuleikur fyrir nemendur 3. – 8. bekkjar.

Guðni Líndal Benediktsson var í för með bróður sínum og las hann nýútkomna sögu sína Stelpan sem sigldi kafbát ofan í kjallara fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

24.11 LESTRARHVATNING OG KLÚBBAR

KLÚBBAR

Á skólasafninu var Drekkaklúbburinn starfræktur í rólegheitum 5. árið í röð og alltaf bætist í hóp drekkameistara á yngsta stigi. Auk Drekkaklúbbsins voru starfræktir Óvættafararklúbbur og Tröllaklúbbur.

Félagar í klúbbunum lesa tiltekinn fjölda bóka um ákveðið efni og fá að því loknu sérstaka nafnbót; t.d. tröllalærlingur, tröllafraeðingur eða drekkameistari, viðurkenningarskjal eða örlítil verðlaun á borð við skemmtilegt strokleður, blýant eða bókamerki.

TÍMI TIL AÐ LESA

Tími til að lesa er verkefni sem Menntamálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneyti efndi til. Börn og fullorðnir voru hvattir til að nýta tímann í samkomubanni til þess að lesa; skrá sig í landsliðið í lestri og taka þátt í því að setja heimsmet í lestri. Verkefnið var kynnt á upplýsingasíðum starfsfólks og skólasafns.

TÖLVUBÚNAÐUR

Far- og spjaldtölvur eru skráðar í safnkostinn en umsjón með notkun þeirra hefur á þessu skólaári verið í höndum umsjónarmanna úr hópi kennara.

Hleðslutæki, skjávarpatengi, hátalarar, diskdrif og annað af því tagi er strikamerkt og reynt að halda utan um það með því að flokka sem safnkost.

24.12 NÁMSBÆKUR

Pantanir bóka frá Menntamálastofnun fara í gegnum skrifstofu skólans og heldur ritari utan um birgðir. Allar kennsluleiðbeiningar sem ekki eru prentaðar út af vef stofnunarinnar eru tengdar í Gegni og lánaðar út af skólasafni sem og sýniseintök námsbóka. Auk þess eru kennarar hvattir til að skila ljósrituðum leiðbeiningum og lausnum til skólasafns til varðveislu og útlána. Vakin er athygli á nýju námsefni frá Menntamálastofnun og því stillt upp á safninu eftir föngum.

Ákvörðun var tekin haustið 2016 að skrá nýjar námsbækur fyrir 7. – 10. bekk inn í bókasafnskerfið og lána þær út á kennitölur nemenda. Í endurskoðun er hvort halda skuli slíkri skráningu áfram.

24.13 SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN

Í lok maí 2020 var heildarfjöldi bóka í skólasafninu 16578 en alls voru þá 17356 munir skráðir í safnið. Útlán á skólaárinu 2019 – 2020 voru 8124. Nánari skiptingu safnkosts má sjá á meðfylgjandi töflu. Gömlum myndböndum var fargað á skólaárinu.

Efni	Fjöldi
Snældur	11
Snælda/hljóðbók	3
Bækur	16578
Spil	17
Geisladiskar	75
Geisladiskur/hljóðbók	243
Tölvugögn	4
Mynddiskar	96

Tæki (tölvur, hleðslutæki, skjávarpatengi o.fl.)	190
Möppur	10
Innbundin tímarit	1
Tímaritshefti	109
Gagnasett	3
Myndbönd	16
Alls	17356

24.14 VIÐBURÐIR

Nokkrir viðburðir hafa öðlast fastan sess í starfi skólasafnsins og er haldið upp á þá með ýmsum hætti. Meðal þeirra má nefna eftirfarandi:

BÓKASAFNSDAGURINN

Bókasafnsdagurinn 2019 var haldinn 9. september, að þessu sinni undir yfirskriftinni „Lestur er bestur – á þínu safni“. Markmið dagsins er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á mikilvægi bókasafna og hins vegar að vera dagur starfsmanna safnanna. Safnið var skreytt í tilefni dagsins og gestum og gangandi boðið upp á kynningu á nýjum bókum. Þá fengu allir sem vildu ný bókamerki. Það er ánægjulegt vekja þannig með sérstökum hætti athygli á skólasafninu í upphafi skólaárs.

NORRÆN BÓKASAFNAVIKA

Skólasafnið tók þátt í norrænni bókamenntaviku dagana 11. – 17. nóvember en þema hennar að þessu sinni var „Veisla á Norðurlöndunum“. Lesið var úr bókinni Lína langsokkur eftir Astrid Lindgren og Veröld Soffíu eftir Jostein Gaarder. Þá var vakin athygli á norrænum höfundum og bókum þeirra stillt sérstaklega upp. Kennurum var bent á valda upplestrarkafla norrænu bókasafnsvikunnar og verkefni tengd þeim og var eitthvað um að kennarar færðu sér það í nyt. Dagur barnabókarinnar

Dagur barnabókarinnar er haldinn hátíðlegur þann 2. apríl ár hvert á fæðingardeggi danska rithöfundarins H. C. Andersen. IBBY á Íslandi hefur um árabil fagnað deginum með því að færa

grunnskólabörnum smásögu, sem lesin er á RÚV, að gjöf. Að þessu sinni var það smásagan Haugurinn eftir Gunnar Theódór Eggertsson. Sagan og verkefni tengd henni bárust safninu nokkru fyrir flutninginn í útvarpi. Allmargir kennarar færðu sér þetta í nyt og héldu upp á dag barnabókarinnar.

VIKA BÓKARINNAR

Nemendur tóku þátt í árlegri kosningu um bókaverðlaun barnanna. Kosið var á skólasafni og með rafrænum hætti. Hefð er fyrir því að veita verðlaunin á sumardaginn fyrsta ár hvert í viku bókarinnar. Vegna aðstæðna í samfélaginu var lítið um viðburði í viku bókarinnar og voru verðlaunin veitt nokkru síðar en venjan er.

24.15 ÓVENJULEGT SKÓLAÁR

Skólaárið 2019 – 2020 var um margt óvenjulegt og skulu hér nefnd helstu atriði þess.

TÍMABUNDIÐ HÚSNÆÐI

Um mánaðamótin október/nóvember var skólasafnið flutt í bráðabirgðahúsnæði á efri hæð nýbyggingar vegna endurnýjunar eldra húsnæðis safnsins. Allar barna- og ungmennabækur voru

fluttar yfir auk talsverðs magns fræði- og uppláttarrita. Öðrum bókum var komið í geymslu innan skólans og í Menntaskóla Borgarfjarðar. Stefnt er að því að hefja starfsemi í endurbættu skólasafni næsta haust.

Starfið í bráðabirgðahúsnæðinu gekk ágætlega miðað við aðstæður. Engu að síður dró úr aðsókn nemenda á mið- og unglíngastigi en þeir þurftu að fara út úr kennslubyggingu sinni til þess að komast á safnið. Jafnframt var hvorki hægt að taka á móti hópum né bjóða upp á kennslu á safninu. Útlánnum fækkaði um það bil 800 á milli ára og má rekja það til þessara aðstæðna.

KÓRÓNAVEIRUFARALDURINN

Kórónaveirufaraldurinn setti vitaskuld mark sitt á starfsemi safnsins eins og allt annað. Við upphaf samkomubanns um miðjan mars var söfnum í landinu lokað. Nemendum var þá meinaður aðgangur að skólasafninu en kennarar gátu komið og sótt bækur fyrir þá. Safnið var opnað aftur fyrir nemendur í byrjun maí þegar samkomubanni var aflétt. Allar bækur sem skiluðu sér eftir þann tíma voru settar í þriggja sólarhringa „bókasóttkví“ og að henni lokinni voru bækurnar þvegnar með sótthreinsandi legi og komið fyrir á sínum stað.

ÁTAK VEGNA NÝS BÓKASAFNSKERFIS

Landskerfi bókasafna undirbýr nú flutning alls efnis í Gegni yfir í nýtt bókasafnskerfi. Mikilvægasta tiltekta verkefnið í Gegni fyrir kerfisskipti er að hreinsa upp gömul vanskil. Tilmæli bárust til safna í upphafi árs um að fara í gegnum safnkostinn með það í huga að úrelt, ónýtt eða ónotað efni yrði ekki fært yfir í nýtt kerfi. Jafnframt var útbúinn vanskilalisti yfir vanskil sem eru eldri en eins árs fyrir hvert einasta útlánasafn í kerfinu og var sá listi keyrður út vikulega. Grisjun var því framkvæmd með þessa þætti í huga. Jafnframt var farið yfir vanskilaskrá með reglubundnum hætti og nú er svo komið að aðeins örfá eintök eru í vanskilum og safnkosturinn hefur verið vel grisjaður.

24.16 LOKAORÐ

Í lestrarstefnu leik- og grunnskóla Borgarbyggðar segir m.a.: „Í skólunum er lögð áhersla á ríkulegt lestrarumhverfi, bækur eru sýnilegar og nemendur hvattir til að lesa, skoða og ræða bækur.“ (bls. 4)

Barnabókin á í harðri samkeppni við aðra miðla en íslensk börn hafa aldrei átt kost á öðru eins úrvali afþreyingar og nú stendur til boða. Mikið af því efni er ekki á íslensku. Ef við viljum gera ungu kynslóðina vel læsa og bókelska (og draga úr útrýmingarhættu íslenskunnar) verðum við að veita henni góðan aðgang að nýju og spennandi efni um leið og það kemur út.

Á undanförunum árum hefur safnkosturinn verið endurnýjaður umtalsvert. Megináhersla er lögð á að kaupa sem mest af nýjum barna- og ungmennabókum; jafnt þýddum sem frumsömdum. Ráðstöfunarfé safnsins fer að mestu í slík kaup en lauslega má áætla að meðalverð bókar sem keypt er á safnið sé um 4000 krónur með afslætti bóksala. Bekkjarsett eru mörg orðin afar slitin og/ eða úrelt og þarfnast endurnýjunar og sama máli gegnir um fræðirit ýmiss konar, orðabækur og uppflettirit.

Ráðstöfunarfé skólasafnsins var rúmlega 700.000 krónur árið 2019. Upphæðin var hækkuð í tæp 900 þúsund fyrir árið 2020 og er það þakkarefni. En betur má ef duga skal. Góð viðmiðun gæti verið að úthluta í það minnsta meðalverði einnar bókar á nemanda á ári hverju.

Auk þess sem að framan greinir um kostnað við heimsóknir rithöfunda mætti hafa í huga þessa þörf, sem nú hefur skapast, um endurnýjun fræðilegs efnis þegar fjárþörf safnsins verður greind.

Anna Guðmundsdóttir

25. KLETTUR

25.1 NEMENDUR

Á þessu skólaári voru tveir nemendur sem komu að einhverju leyti í Klett. Annar nemandinn var með starfsmann með sér allan daginn í öllum tímum og í sumum tímum þurftu að vera tveir starfsmenn með honum. Hinn nemandinn kom í Klett einu sinni á dag í félagsfærni og hegðunarmótun en fékk annars stuðning með sér í flestum bekkjartímum. Fyrir báða þessa nemendur voru svo haldnir reglulegir teymisfundir með umsjónakennurum og foreldrum ásamt öðru fagfólki eftir þörfum til dæmis atferlisfræðingi og ráðgjöfum frá Greiningarstöð (GRR). Algengast var að fundir væru á 6 – 8 vikna fresti en fór það þó alveg eftir þörf. Stundum þurftu þeir að vera fleiri og stundum urðu þeir færri. Aðrir nemendur sem komið var að í vetur:

Komið var að kennslu 16 nemenda í viðbót með mismunandi hætti. Sumir nemendur komu í minnisþjálfun (eftir niðurstöður og tilmæli talmeinafræðinga), félagsfærni, vinnulag tengt bekkjarhegðun og vinnulagi nemanda í bekkjarstofu, styrking hljóðkerfisvitundar, lestrarþjálfun, sem og almenn námsleg sérkennsla.

25.2 STARFSFÓLK

- Tveir þroskaþjálfar og einn kennari komu að kennslu í Kletti í vetur
- Þrír stuðningsfulltrúar komu svo að einum nemenda í Kletti en mismikið.

25.3 MARKMIÐ

Markmið með aðkomu Kletts í vetur voru:

- Einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem þess þurfa
- Sitja á teymisfundum vegna nemenda
- Stundaskrá fyrir nemendur sem ekki fylgja stundaskrá bekkjar
- Búa til og útvega aðlagð námsefni fyrir nemendur
- Fylgja ákveðnum nemendum í vettvangsferðir og aðrar ferðir
- Aðhald, reglur og eftirfylgni í kringum óæskilega hegðun
- Kennsla og þjálfun í lestri
- Umbunarkerfi fyrir æskulega hegðun
- Vinna með tilfinningar, líðan og félagslega hegðun til dæmis með CAT kassa.
- Ráðleggingar til umsjónakennara, stuðningsfulltrúa og foreldra
- Vinna með málörvun og málþroska
- Fylgja nemendum í bekkjartímum þegar þarf
- Þjálfun og kennsla í athöfnum daglegs lífs

25.4 NÁMSMAT

Í janúar og maí var skýrslum skilað frá Kletti. En þar eru útlistuð markmið og viðfangsefni fyrir nemendur og gerð umsögn um hvernig hefur tekist að ná þeim markmiðum, eins er farið yfir hver næstu skref verða.

26. SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN)

Í upphafi skólaárs var húsnæði fyrir Búbbbluna ekki tilbúið og hóf hún því ekki starfssemi fyrir en 16. október. Boðið var upp á bekkjartíma fyrir 1.-4. bekk en erfiðar gekk að festa tíma fyrir 5.-10. bekk þar sem þeir bekkir voru í öðrum hluta húsnæðisins og því erfitt að láta litla hópa flæða hver á eftir öðrum. Því var ákveðið að leggja meiri áherslu á einstaklingstíma. Vegna covid-19 var bekkjartímum í 1.-4. bekk einnig hætt í mars og stuttu seinna var einstaklingsvinnu einnig hætt þar sem nemendur áttu eingöngu að vera í sínum hópi. Velferðarkennari sinnti því öðrum störfum á meðan, m.a. í matsal og í 6. bekk. Einstaklingstímar hófust aftur 4. maí en ákveðið að hefja ekki bekkjartíma fyrir en næsta haust.

26.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.

Í búbbblunni er lögð áhersla á hugarró og velferð nemenda. Það er gert með þjálfun í núvitund, slökun og hugleiðsla þar sem aðferðir jákvæðrar sálfræði eru fléttaðar inn í hugleiðslusögur.

Markmiðið með þessu verkefni er að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra og vellíðan, og flétta þær inn í daglegt skólastarf þannig að allir nemendur skólans hafi möguleika á því að nýta sér þær.

Fyrirkomulagið var prufukeyrt í Grunnskólanum í Borgarnesi skólaárið 2017-2018, ákveðið að halda áfram með verkefnið skólaárið 2018-2019 og svo aftur skólaárið 2019-2020 svo segja má að verkefnið hafi sannað gildi sitt og fest sig í sessi.

Allir bekkir fá fastan vikulegan tíma í búbbblunni og býðst nemendum að fara þangað í litlum hópum í 15 mínútna núvitundarþjálfun, athyglisþjálfun og slökun. Einnig er boðið upp á einstaklingshandleiðslu þar sem hver nemandi, sem sótt var um fyrir, fær fimm skipta sjálfsefingarviðtöl þar sem byggt er á styrkleikavinnu og aðferðum úr jákvæðri sálfræði til að auka vellíðan og jákvæðar tilfinningar.

26.2 NÁMSMAT

Ekki fer fram formlegt námsmat í Búbbblunni en foreldrar og umsjónarkennarar eru upplýstir jafnóðum um viðfangsefni og árangur einstaklingstíma í sjálfsefningu.

Elín Matthildur Kristinsdóttir

27. SAMANTEKT

Skólaárið 2019 – 2020 var krefjandi að mörgu leyti en skemmtilegt og fjölbreytt. Við fengum nýjan sal og mötuneyti 1. október. Framkvæmdir við skólann hafa verið í gangi sl. tvo vetur. Ekki var allt tilbúið sem reiknað var með í ágúst og þurftum við að flytja unglingsstigið út úr húsi til 1. október. Unglingsstigið fékk að vera í Menntaskóla Borgarfjarðar og hafði þar til afnota ákveðin rými þó þannig að blanda varð öllu stiginu saman. Þau unnu skemmtilegt, fjölbreytt og krefjandi verkefni sem bar nafnið „Draumalandið“.

<https://skolathraedir.is/2020/04/20/draumalandid/?print=pdf>

Við fengum nýtt rými 1. október þar sem yngsta stigið, list.- og verkgreinastofur ásamt mötuneytinu og salurinn er staðsett. Mikil ánægja er með þetta nýja rými og hefur breytt skólabragnum. Allir glaðir að hafa mötuneyti í skólanum en það hefur aldrei verið áður.

Á starfsdögum og kennarafundum hafa komið hinir ýmsu fyrirlesarar. Ingvar Sigurgeirsson var fenginn til að hjálpa starfsfólki skólans ásamt GBF við að innleiða markvissa teymiskennslu og betri bekkjaranda. Við höfum fengið námskeiðið “Verkefnakistuna” sem KVAN hefur séð um. Það hefur verið gegnumgangandi í allan vetur fyrir alla kennara skólans. Kennarar eru mjög ánægði með þetta námskeið.

Í vetur hefur verið unnið markvisst að námsmati skólans og er námsmat Grunnskólans í Borgarnesi tilbúið eftir veturinn.

Við fengum verkefni í vetur eins og allt samfélagið vegna kórónuveirunnar. Þessi veira eða sóttvarnir í kringum hana markaði skólastarfið að miklum hluta í dagóðan tíma. 1.-3. bekkur var í skólanum alla daga frá kl. 8:10 – 13:00 en 4. – 10. bekkur var skipt í tvo hópa í hverjum árgangi fyrir sig og mætti hver hópur annan hvern dag í skólann. Kennarar fengu það krefjandi verkefni að skipuleggja starfið með allt öðrum hætti en þeir eru vanir. Þeir þurftu að sinna þeim nemendum sem voru í skólanum og einnig þeim nemendum sem heima voru með fjarkennslu. Fjarkennslan fór að mestu leiti fram í gegnum Teams og öðrum samskiptamiðlum. Kennarar leystu þetta verkefni með miklum sóma. List. – og verkgreinakennarar gengu í önnur störf meðan þetta tímabil varði, s.s. aðstoð með ákveðnum bekk og hjálpuðu til í mötuneytinu. Við gátum haft mötuneytið opið með tilfæringum. Hver starfsmaður tilheyrði einungis einum ákveðnum hópi og blönduðust ekki á milli hópa. Þrjár kaffiástöður voru fyrir starfsfólk og blönduðust starfsmenn ekki á milli stiga/hópa. Allt gekk þetta upp að lokum og við ætlum að taka það jákvæða með okkur úr þessu þrátt fyrir að þetta reyndi á andlega heilsu flestra. Margir skemmtilegir hlutir eru framundan og má þar nefna ný skólalóð sem búið er að hanna og vonandi gengur eftir að koma henni í standið í sumar. Næsta haust verður framkvæmdum lokið sem fylgir mikil tilhlökkun.

Markmið okkar í skólanum er að byggja upp framúrskarandi skóla sem gott og eftirsóknarlegt er að vinna við.